

ÓNÁÐ
FRÉTTABLAÐ
Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 27. ágúst 2003 • 34. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Ísafjörður Mennta- skólinn settur

„Vestfirðingar sjálfir eru að skila sér mun betur inn í skólann en verið hefur undanfarin ár og er það mikið ánægju-efni“, sagði Ólína Þorvarðardóttir skólameistari við setningu Menntaskólans á Ísafirði á mánudag. Á sama tíma hefur aðsókn að heimavistinni tæplega þrefaldast. „Það er því með bjartsýni í huga og ákveðnu stolti sem við göngum til starfa að þessu sinni með ýmis áform og nýjar hugmyndir í farteskinu“, sagði skólameistari.

Vel hefur gengið að ráða kennara til starfa við Menntaskólann á Ísafirði að þessu sinni.



Uppgjör Ísafjarðarbæjar fyrir fyrstu sex mánuði þessa árs

Rekstrargjöld og fjárfestingar jukust meira en tekjurnar

Tekjur Ísafjarðarbæjar jukust um 79 milljónir króna á fyrstu sex mánuðum þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra. Rekstrargjöld og fjárfestingar jukust um 165 milljónir króna á sama tímabili. Alls nema tekjurnar nú 1.016 milljónum króna en voru 937 milljónir á tímabilinu frá janúar til júní

2002. Þó dregst útsvar einstaklinga saman um 4% en fasteignaskattur, framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og aðrar tekjur bæjarins aukast meira en því nemur.

Rekstrargjöld og fjárfestingar hafa aukist meira á milli ára en tekjurnar og voru 1.011 milljónir á fyrstu sex mánuðum

þessa árs en voru 846 milljónir á sama tímabili árið 2002. Þetta kemur fram í mánaðarskýrslu fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar sem fjallar um rekstur og fjárfestingar bæjar-sjóðs á fyrstu sex mánuðum ársins.

Framlegð frá rekstri eftir fjárfestingar var 5 milljónir

króna á fyrstu sex mánuðum ársins en var 91 milljón króna á sama tímabili í fyrra. Framlegð frá rekstri eftir fjárfestingar var neikvæð um tæpar 40 milljónir króna á A-hluta bæjar-sjóðs en jákvæð um tæpar 45 milljónir króna á B-hluta.

Langmestu fé var varið til fræðslu- og uppeldismála á

fyrri helmingi þessa árs eða rúmlega 263 milljónum króna. Næstmest fór til íþrótt- og æskulýðsmála eða rúmar 93 milljónir króna. Alls nema þessi tveir liðir því um 35% af heildarútgjöldum á tímabilinu. Nær 35 milljónum króna var varið til reksturs bæjar-skrifstofu. – kristinn@bb.is

/SAMKAUP/

OPÍÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21


Verið velkomin!

/SAMKAUP/

NEISTA

HAFNARSTRÆTI 9-13

SÍMI 456 5460



SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM

Flytjandi
- allt viðbúið

EIMSKIP
GREIÐ LEIÐ

Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:

Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Hálfadán Bjarki Hálfadánsson
sími 863 7655
halfdan@bb.is

Ritstjóri neftútgáfu:

Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Umboðsaðilar BB:

Eftirtaldir aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlisstöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**
Sólveig Sigurðardóttir,
Hlíðarstræti 3, sími 456
7305. **Súðavík:** Sólveig
Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími
456 4106. **Suðureyri:**
Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 898
6328. **Flateyri:** Gunnhildur
Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi
12a, sími 456 7752.
Þingeyri: Anna Signý
Magnúsdóttir, Hlíðargötu
14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:

Hamraborg, Hafnarstræti
7, sími 456 3166. **Flug-
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,
sími 456 4772. **Bónus,**
Ljóninu, Skeiði, sími 456
3230. **Bókhladan,** Hafn-
arstræti 2, sími 456 3123.
Bensinstöðin, Hafnarstræti,
sími 456 3574. **Samkaup,**
Hafnarstræti 9-13, sími 456
5460. **Krílið,** Sindragata 6,
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250
eintakið m.vsk. Áskriftarverð
er kr. 215 eintakið. Veittur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukorti.

Gatnagerð boðin út og framkvæmdir hefjast á næstunni

Nú er verið að bjóða út gatnaframkvæmdir í nýja íbúðahverfinu á Tunguskeiði á Ísafirði, sbr. auglýsingu hér í blaðinu. Verkið á að hefjast í haust en klárast á næsta ári. Um er að ræða einn botnlanga af fjórum og hluta stofnbrautar í fyrirhuguðu hverfi. Við þennan botnlanga er gert ráð fyrir átta einbýlishúsum. Þegar hefur þremur lóðum verið úthlutað til Múrkrafts ehf. á Ísafirði og nokkrar umsóknir til við-

bótar eru í vinnslu, að sögn Sigurðar Mar Óskarssonar, bæjartæknifræðings Ísafjarðarbæjar.

Sigurður segir að mjög fljótlega verði hægt að byrja að byggja þótt götur og lagnir séu ekki frágengnar. Þetta verða að teljast nokkur tíma- mót því að ár og dagur eru frá því að síðast var ráðist í uppbyggingu nýrrar íbúðabygðar á Ísafirði.

Framkvæmdir í þessu nýja

hverfi hafa verið lengi í deiglu- unni en einhver helsti hvata- maðurinn að þeim hefur verið Hermann Þorsteinsson hjá Múrkrafti ehf. Fram undir þetta hefur staðið á umsóknunum lóðir. Bærinn treysti sér ekki til að ráðast í kostnaðar- samar gatnaframkvæmdir nema ljóst væri að ráðist yrði í byggingu nokkurra húsa.

Halldór Halldórsson, bæjar- stjóri Ísafjarðarbæjar, sagði í bréfi til bæjarráðs í vor að allt

mælti með því að hefja fram- kvæmdir við gatnagerð á Tunguskeiði og nauðsynlegt sé að hafa byggingarhæfar lóðir klárar á Ísafirði. „Það er nauðsynlegt í umræðu um at- vinnumál, byggðamál og upp- byggingu byggðakjarna að á Ísafirði séu byggingarlóðir klárar og íbúðarhús í bygg- ingu. Það er hluti af framtíð- arsýninni, hún skerpið og verður bjartari þegar við vitum af einstaklingum sem eru að

byggja sér íbúðarhúsnæði“, sagði bæjarsjóri.

Götur í hverfinu sem skipu- lagt hefur verið á Tunguskeiði hafa ekki enn hlotið nöfn. Á sínum tíma var auglýst eftir tillögum en að sögn Sigurðar Mar kom ekkert út úr því. Hann segir að hugmyndir séu vel þegnar en ekki hafi verið ákveðið hvort auglýst verði á ný eða hvort einhver verði fenginn til þess að gefa götum- um nöfn. – hlynur@bb.is

Atgangur hjá BJT á Ísafirði



Eftir að Menntaskólinn á Ísafirði var settur á mánudagsmorgun hófst árvisst annríki við skiptibókamarkað og námsbókasölu í Bókaverslun Jónasar Tómassonar á Ísafirði. Þegar mest var að gera stóð biðröðin út á götu. Jónas Gunnlaugsson hjá BJT telur að um 70% námsbókanna séu keyptar sama dag og bókalistar eru afhentir. „En þetta er vel upp alið fólk sem kann að biða í biðröð og því gengur þetta greiðlega“, sagði Jónas. Á myndinni eru Kristín Ólafsdóttir og Salka Gústafsdóttir við afgreiðslu.

Vestfirðir

Metsumar í ferðaþjónustu

Dorothee Lubecki, ferða- málafulltrúi Atvinnuþróun- arfélags Vestfjarða, segir greinilegt að annatímann hjá ferðaþjónustunni sé að lengja alls staðar í fjórð- ungunum. Margt bendi til þess að yfirstandandi ferða- tíð sé metsumar á Vestfjörð- um.

„Fyrir örfáum árum var allt búið eftir verslunar- mannahegji en nú er komið fram undir lok ágúst og það virðist enn vera lífflegt og töluvert að gera. Ég get vissulega ekki talað fyrir munn allra en ég er búin að vera á ferðinni og taka marga í ferðaþjónustu tali. Þessi þróun virðist vera um allt svæðið og margir segja mér að þetta sé besta vertíð- in hjá sér hingað til. Þetta gæti verið metsumar enda hefur verið mjög gott og er það enn. Ég heyrir ekki annað en að fólk í ferða- þjónustu sé nokkuð bjart- sýnt á framtíðina“, segir Dorothee Lubecki.

bb.is

púlsinn fyrir vestan

RIITSTJÓRNARGREIN

Ísafjörður sem háskólabær

Ef til vill eru það börnin, sem þessa dagana stíga fyrstu skrefin á langri skóla- göngu, sem vekja okkur til vitundar um að það haustar að, þótt veðurblíðan, sem leikið hefur við okkur hér vestra í allt sumar, bendi vart til þess. Undan hringrás árs- tíðanna verður ekki vikist.

Velheppnað Unglingalandsmót UMFÍ á Ísafirði ætti að hafa styrkt okkur í þeirri vissu, að í dugmikilli æsku felast framtíðarvonir hvers bæjarfélags. Jarðvegurinn til að næra þessa margbrotnu og viðkvæmu einstaklinga og koma þeim til þess þroska, sem hverjum og einum er fært, er skólinn, öðru fremur. Þess vegna þurfum við á góðum skólum með fjölbreyttu námsvali að halda.

Skólastarfi á Vestfjörðum hefur vaxið fiskur um hrygg. Menntaskólinn á Ísafirði er í sókn. Metaðsókn er að skólanum í vetur, nemendur 340 að tölu; fjölgun frá því fyrir tveimur árum „aðsóknarsprengja“ að sögn skólameistara, en þá voru nemendur 280. Vestfirskir nemendur skila sér nú betur í Menntaskólanum en áður. Gott mál. Enda barist fyrir því harðri baráttu á sínum tíma, að Vestfirðingar gætu stundað menntaskólanám á heimaslóðum. Aðsókn vestfirskra 16 ára ungmenna að skólum er með því besta á landinu. Tveimur til þremur árum síðar er hún aftur á móti með

því lakasta. Hvað veldur? Hættir fjöldinn námi, eða leitar hann á önnur mið? Hér þarf að leita svara og takast á við vandann.

Fjarnám á háskólastigi var stórt skref í rétta átt til að auðvelda nemendum á lands- byggðinni aðgang að tilteknum námsgreinum. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að skóli opnar mun fleiri og betri möguleika.

Vestfirðingar sýndu mikla samstöðu er þeir börðust fyrir stofnun menntaskóla á Ísafirði. Með hliðsjón af þróun síðustu ára hvað varðar kennslu á háskólastigi víðs vegar um landið eiga Vestfirðingar nú þegar að blása til sóknar fyrir því að á Ísafirði verði komið á fót skóla þar sem í fyrstu verði hægt að stunda háskólanám í tiltekn- um fögum. Þessu til stuðnings nægir að benda á, að skóli af þessu tagi er ein helsta forsenda þess að Ísafjörður nái að gegna því hlutverki, sem ætla verður að felist í ákvörðun stjórnvalda um byggðakjarna. Áhrif slíks skóla yrðu ómetanleg fyrir Vestfirði, hvernig sem á málið er litið.

Ísafjörður sem háskólabær er markmiðið. Það er ekki eftir neinu að biða. Í þessu máli þurfa sveitarstjórnir og þingmenn að taka höndum saman, með almenning að bakhjarli.

s.h.

Vonandi til marks um aukna bjartsýni og batnandi hag Vestfirðinga

– sagði Ólína Þorvarðardóttir skólameistari við setningu skólans á mánudag

Dagskólanemendur við Menntaskólann á Ísafirði eru fleiri á þessu hausti en nokkru sinni fyrr. Þeir eru nú 344, þar af 96 nýnemar, en við upphaf síðasta skólaárs voru dagskólanemar 303 og árið áður voru þeir 280. Fjölgunin nemur því 21% á tveimur árum. „Vestfirðingar sjálfir eru að skila sér mun betur inn í skólann en verið hefur undanfarin ár og er það mikið ánægjuefni“, sagði Ólína Þorvarðardóttir skólameistari við setningu skólans á mánudag.

Á sama tíma hefur aðsókn að heimavistinni tæplega þrefaldast. Haustið 2001 voru 9 nemendur á heimavist en verða 27 í vetur. „Það er því með bjartsýni í huga og ákveðnu stolti sem við göngum til starfa að þessu sinni með ýmis áform og nýjar hugmyndir í farteskínu“ sagði skólameistari.

Nýmæli í skólastarfinu í vetur

Meðal þess sem í boði verður við Menntaskólann á Ísafirði í vetur er ný Fjölmenningarbraut, námsbraut fyrir nemendur af erlendum uppruna sem verður í boði á vorönn. Þá verður nýnemum í verknámi boðið upp á grunnnáam byggingargreina, nýjan áfanga þar sem gefin verður innsýn í ýmsar greinar byggingariðnaðs á borð við trésmíði, pípulagnir, múrverk og húsamálun. „Er það von okkar að þetta megi glæða skilning á inntaki verkgreina og auðvelda nemendum að gera upp hug sinn varðandi það hvort verknám á við þá eða ekki“, sagði skólameistari.

„Sú sprenging sem orðið hefur í aðsókn að Menntaskólanum á Ísafirði er kærkomin vísbinding um að eftir starfi okkar sé tekið, að það sé að skila árangri. Það leggur okkur skyldur á herðar að standa undir þeim væntingum sem augljóslega eru gerðar til skólans. Í þeim væntingum felst traust og tiltrú sem er mikils virði fyrir starfsfólk og stjórnendur skólans. Vonandi er þessi aðsókn í menntun einnig til marks um aukna bjartsýni og batnandi hag okkar Vestfirðinga“, sagði Ólína Þorvarðardóttir ennfremur við skólasetninguna.

Óvenjulega vel gekk að ráða kennara

Vel gekk að ráða kennara til starfa við Menntaskólann á

Ísafirði að þessu sinni. Skólameistari sagði í setningarræðu sinni að ekki verði betur séð en að kjarasamningar þeir sem gerðir voru við kennara vorið 2001 hafi stóreflt eftirsókn í starfsaðir framhaldsskólakennara. „Þetta hefur haft sitt að segja fyrir Menntaskólann á Ísafirði, samhliða hinu, að skólastarf hefur gengið vel og viðhorf samfélagsins til þessarar æðstu menntastofnunar í héraði virðast jákvæðari en oft áður. Mun betur hefur gengið að fá réttindakennara til starfa undanfarin tvö ár en áður var og er nú svo komið að réttindakennarar eru 82% kennara í heilum stöðum við skólann.“

Nýir kennarar sem nú hafa verið ráðnir í heilar stöður við skólann, fimm talsins, eru allir með kennsluréttindi. Þeir eru Áskell Harðarson sem kennir stærðfræði, Brynhildur Einarsdóttir sem kennir sögu og samfélagsgreinar, Hallgrímur Hröðmarsson sem kennir raungreinar og upplýsingatekni, Gunnar Þorri Þorleifsson sem kennir íslensku og Þorsteinn G. Þorsteinsson sem kennir íslensku og ensku. Þá eru nokkrir stundakennarar í sérgreinum að koma að skólanum, þau Valdimar J. Halldórsson mannfræðingur, Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sjúkraþjálfari, Jónas Þór Birgisson lyfjafræðingur og Alfreð Erlingsson pípulagningameistari.

Einnig verða nokkrar breytingar í stjórnunarstöðum við skólann. Guðbjartur Ólason hefur verið ráðinn aðstoðarskólameistari í stað Jóns Reynis Sigurvinssonar sem fengið hefur launalaust leyfi. Við starfi Ásgerðar Bergsdóttur áfangastjóra tekur Guðmundur Þór Gunnarsson.

Krefjandi verkefni framundan

Fram kom í setningarræðu skólameistara að framundan eru ýmis krefjandi verkefni í starfi Menntaskólans á Ísafirði. Í vor verða í fyrsta skipti haldin samræmd stúdentspróf í íslensku. Á næsta skólaári bætast við samræmd próf í stærðfræði og ensku.

„Það skiptir miklu að bæði kennarar og nemendur séu vel í stakk búnir til þess að undirbúa sig fyrir þessa nýbreytni. Með tilkomu samræmdra stúdentsprófa verða framhaldsskólar landsins allir lagðir á sömu mælistiku, og sú mælistika tekur ekki mið af því hvaðan af landinu nem-



Fremst á myndinni er hluti af kennaraliði Menntaskólans á Ísafirði.

andinn kemur, heldur ein-

göngu hvernig hann stóð sig, eða öllu heldur hvernig skólinn hans stóð sig. Samræmd stúdentspróf eru þess vegna ein stærsta ögrun sem framhaldsskólarnir hafa staðið frammi fyrir. Það á ekki síst við um landsbyggðarskólana, sem löngum hafa átt undir högg að sækja í samkeppni við stærri framhaldsskóla á þéttbýlustu svæðunum. Við í Menntaskólanum á Ísafirði tökum þessari nýbreytni sem kærkominni áskorun og erum staðráðin í að standa okkur. Ég er sannfærð um að nemendur skólans munu leggja sig fram um að taka þessari áskorun af skynsemi og yfirvegun“, sagði skólameistari í

ræðu sinni.

Virðing fyrir reglum í heiðri höfð

Skólameistari gat þess að líkt og endranær sé skólanum í mun að halda vel utan um nemendur sína og gera þá að nýtum manneskjum. „Við höfum náð gleðilegum árangri í að minnka brottfall við skólan og hyggjumst halda áfram á sömu braut. Foreldrar nemenda undir 18 ára aldri mega því búast við því að haft verði samband við þá ef eitthvað fer úrskeiðis í námi barna þeirra, til dæmis ef stefnir í óefni með mætingu.“

Í ávarpi til nýnema lagði

Ólína Þorvarðardóttir skólameistari meðal annars áherslu þá virðingu fyrir reglum sem ríkir í Menntaskólanum á Ísafirði. „Við viljum að reglurnar séu sanngjarnar en um leið að eftir þeim sé farið. Við sem störfum við og stjórnum þessum skóla hlökkum til samstarfsins við ykkur, nemendur góðir, og vonum að þið munið með framgöngu ykkar gera okkur stolt og ánægð með ykk-

ur. Um leið vonum við að þið getið verið stolt af skólanum ykkar.“

Við setningu Menntaskólans á Ísafirði á mánudag, en hann var þá settur í 34. skipti, var ófrávikjanlegri hefð haldið: Viðstaddir risu úr sætum og sungu lag Sigvalda Kaldalóns við ljóð Eggerts Ólafssonar, Ísland ögrum skorið.

– hlynur@bb.is



ÍSAFJÖRÐARBÆR

ÚTBOÐ – GATNAGERÐ TUNGU-SKEIÐI – 1. ÁFANGI

Tæknideild Ísafjörðarbæjar óskar eftir tilboðum í gatnagerð á Tunguskeiði. Helstu verkþættir eru:

Uppúrtekt	2.700m ³
Fyllingar	2.350m ³
Lagnaskurðir	1.000m
Holræsalagnir ø200 mm; 400 m	
Holræsalagnir ø250 mm; 880 m	
Holræsalagnir ø300 mm; 400 m	
Heimæðar ø150 mm	140 m
Vatnslagnir ø110 mm	15 m
Vatnslagnir ø 90 mm	930 m

Útboðsgögn verða seld á bæjarskrifstofu frá og með fimmtudeginum 28. ágúst nk. á kr. 5.000.- eintakið. Tilboð verða opnuð á bæjarskrifstofunum á Ísafirði þriðjudaginn 9. september nk. kl. 11:00.

Tæknideild Ísafjörðarbæjar.



Hinn nýi aðstoðarskólameistari Mí, Guðbjartur Ólason, flytur ávarp við skólasetninguna.

Dalbær á Snæfjallaströnd: Ferðaþjónusta í stöðugri uppbyggingu

Í Dalbæ á Snæfjallaströnd við innanvert Ísafjarðardjúp býr yfir sumartímann Ingólfur Kjartansson, skólastjóri Grunnskólans á Tálknafirði, ásamt eiginkonu sinni Jörgínu Jónsdóttur og börnunum Jóni Gunnari og Stefaniu Dröfn. Þar vinna þau að uppbyggingu ferðaþjónustu en sveitin fór í eyði árið 1995. Dalbær gæti orðið nokkurs konar brú milli ölfkra svæða í ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Kaldalón er þar í næsta nágrenni og innanvert Djúpið. Næsti þéttbýliskjarni er Hólmavík en þangað eru 87 km. Nú í

sumar hófust áætlunarsiglingar með Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar á Ísafirði í Bæi á Snæfjallaströnd og þá er Dalbær kominn í ekki nema klukkustundar fjarlægð frá Ísafirði. Dalbær er vinsæl miðstöð göngufólks sem fer um Snæfjallaströnd í Grunnavík og sunnanverða Jökulfirði, að Drangajökli og yfir á Strandir. Ingólfur er fæddur og uppalinn í Unaðsdal á Snæfjallaströnd. Með hjálp nútímataekni getur fjölskyldan dvalið á Snæfjallaströndinni frá því að reglulegu skólastarfi lýkur á vorin og fram á haust. Ingólfur

sinnir daglegu sumaramstri skólastjóra gegnum tölvupóst, ræður kennara og skipuleggur vetrarstarfið. – Hvernig hefur gengið í sumar? „Þetta hefur gengið ágætlega og það er alltaf stöðug aukning. Mynstrið virðist líka vera að breytast. Hingað kemur meira af gönguhópum sem gista og kaupa mat. En hinir sem koma til að skoða sig um á eigin bílum eru líka til staðar.“ – Eru þetta mest Íslendingar? Hvernig er samsetningin á þínum viðskiptavina-



Ingólfur hefur dvalið sumarlangt í Dalbæ ásamt eiginkonu sinni, Jörgínu Elinbjörgu Jónsdóttur og börnunum Jóni Gunnari og Stefaniu Dröfn.

Það kemur slit í öll gólfefni!

Vörn á gólfíð
Fallegrí gólf
Auðveldum þrífín

Taktu enga óhættu!

100% ábyrgð
Allir bílar tryggðir
Fullkomin aðstaða

MASSI
Þrif og vernd • Sími 456 5198

hópi? „Þetta eru langmest Íslendingar en samt eru útlendir hópar innan um og saman við. Ég gæti ímyndað mér að átta af hverjum tíu séu Íslendingar, jafnvel meira.“ – Hvenær fór straumurinn af stað í sumar? „Við vorum komin hingað um miðjan júní. Upp úr því fóru að koma hópar. Hins vegar opnuðum við ekki formlega fyrr en 20. júní.“ – Hvað reiknið þið með að vera lengi að í sumar? „Síðasti hópurinn fer frá okkur 20. ágúst. Þá ætlum við að loka, enda skólinn byrjaður.“

Fæst við unga fólkið á veturna en það eldra á sumrin

– Hvað hafið þið verið lengi að vinna að þessari uppbyggingu í Dalbæ? „Þetta er fjórða árið okkar, þannig er þetta er fjögurra ára uppbygging sem hefur átt sér stað nú þegar. Við stefnum að frekari þróun í þessu. Ef vel gengur, þá er hugmyndin að auka við gistipláss og kannski afþreyingarmöguleika líka. Það er svo sem af nógu að taka.“

– En þið fjölskyldan búið á Tálknafirði stærstan hluta

ársins. „Jú, ég er skólastjóri þar og konan mín vinnur hjá Sparisjóði Vestfirðinga.“

– Hvernig fer þetta saman, að bera ábyrgð á þaulskipu- lögðu skólastarfi á sumrin en vera kominn í frelsið, ef svo má segja, á Snæfjallaströndinni á sumrin? „Ég held að þetta fari mjög vel saman. Á veturna er maður að fást við unga fólkið en svo á maður við það eldra á sumrin – það er á öðrum nótum. Ég á líka mjög góða að á Tálknafirði sem styðja mann. Þannig gengur þetta ágætlega upp.“

– Ert þú ekki ættaður úr Snæfjallahreppi hinum forna?

„Jú, foreldrar mínir bjuggu hérna í Unaðsdal. Þau hættu búskap árið 1994 og fluttust í Mosfellsbæ. Okkar ættaróðal er hérna, hér liggja ræturnar og hingað sækir maður. Grundvöllurinn fyrir þessari þjónustu er að vissu leyti þessi tengsl við svæðið.“

Forréttindi að dvelja á Snæfjallaströnd

– Áttirðu lengi heima í Unaðsdal?

„Maður ólst upp hérna og gekk í skóla í Reykjanesi til fimmtán ára aldurs, eins og

aðrir krakkar hér við innanvert Djúp. Síðan fór ég í burtu í skóla og valdi Laugarvatn. Ég var samt lengi hérna á sumrin við búskapinn.“

– Það er viss sérstaða sem Snæfjallahreppur hinn forni hefur að því leyti, að það er ekki langt síðan heilsársbúseta lagðist af.

„Í rauninni er það ekki fyrr en árið 1995 sem heilsársbúskapur leggst af hérna uppi á ströndinni. En í Æðey er búið allt árið um kring.“

– Síðan er búið í næsta nágrenni.

„Jú, það er stutt í góða bændur hér inni á Langadalströndinni.“

– Svo er stutt að fara yfir á svæði sem hafa verið lengur í eyði, t.d. í Grunnavík. „Já, í Grunnavík hefur ekki verið búið í 40 ár og þar fyrir norðan eru svæði sem hafa verið enn lengur í eyði.“

– Dalbær virðist vera miðdepill milli afar fjölbreyttra svæða. Er það jafnvel hluti af aðdráttaraflí staðarins?

„Það er nú það sem við stefnum á. Við viljum koma því til fólks að hingað geti það komið á eigin bílum og ráðið sínum ferðum. Gengið héðan norður eftir öllu og komið síðan aftur hvernig sem það vill. Hvort það er

Reynt verður að gera mannvirkið aðlaðandi

Reynt verður að gera nýja snjóflóðavarnargarðinn við Seljaland á Ísafirði aðlaðandi fyrir þá sem áhuga hafa á útivist. Eins og kunnugt er hefur varnargarðurinn á Flateyri haft nokkurt aðdráttarafl fyrir ferðamenn og aðra og vonast menn til að svo verði einnig á Ísafirði. Að sögn Árna Traustasonar, byggingataeknifræðings hjá VST á Ísafirði, mun göngustígur liggja yfir garðinn þveran. Þá munu göng liggja í gegnum garðinn og settur verður upp útsýnis-pallur. Áætluð verklok við garðinn eru í lok október á næsta ári. – halfdan@bb.is

Vegrið sett upp á kafla á Gemlufallsheiði

Í síðustu viku byrjaði Vegagerðin uppsetningu á vegrið á Gemlufallsheiði milli Önundarfjarðar Dýrafjarðar. Vegrið verður sett upp á þriggja kílómetra langri leið en kostnaður við það mun vera á annan tug milljóna. Í fyrrahaust afhentu íbúar á Þingeyri Vegagerðinni undirskriftir um 800 íbúa á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum þar sem farið var fram á að vegrið yrði sett upp á Gemlufallsheiði. Í fyrrasumar setti Vegagerðin mikinn kraft í uppsetningu vegrið á Hnífisdalsvegi og Óshlíðarvegi. – kristinn@bb.is

Lítið atvinnuleysi á Vestfjörðum í júlí

Atvinnuleysi á Vestfjörðum var 1,4% í júlímánuði samkvæmt upplýsingum frá Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða. Hjá körlum mældist atvinnuleysið 0,6% en 2,6% hjá konum. Guðrún Stella Gissurardóttir hjá S.V. segir þetta meira atvinnuleysi en á sama tíma undanfarin ár. Þannig hafi meðaltalið verið 0,6% í júlí árið 2001 og 0,8% í júlí árið 2002. Atvinnuleysi hefur þó minnkað lítið eitt frá mánuðinum á undan þegar það var 1,7%. „Þetta er þó ekkert óskaplegt atvinnuleysi og þarf ekki mikinn fjölda til að hreyfa þessi hlutföll.“ – kristinn@bb.is

gangandi eða siglandi, það eru allir möguleikar í því. Hér er góð bryggja og flugvöllur. Fólk getur komið hingað með öllu móti.“

– Frá þér eru 87 km til Hólmavíkur og heldur lengra til Ísafjarðar. Með báti er ferðatíminn til Ísafjarðar töluvert styttri en með bíl.

„Hraðbátur er ekki nema um klukkutíma á milli og með flugvél eru þetta fimm til sjö mínútur. Loftflínan hérna á milli er ekki löng, rétt um 25 km.“

– Hvernig kunnir þú við ykkur fjölskyldan? Hvernig er að eiga sumardvöl þarna á Ströndinni?

„Við kunnum afskaplega vel við þetta. Það eru forréttindi að vera hér. Hins vegar verður ekki framhjá því horft, að þetta er afskaplega mikil vinna ofan á aðra vinnu sem maður sinnir á öðrum tíma ársins. En þetta er skemmtileg vinna og þegar svo er, þá er maður sæll og glaður.“

Í stöðugu netsam-bandí vegna skólafarsins

– En hvernig er það, eiga skólafarsar nokkurn tímann algjört sumarfrí? Er síminn að hringja út af kennararáðningum og öðru slíku?

„Já, það þarf að sinna því líka. Þetta ár er gott að því leyti að það er búið að ráða. En það þarf líka að skipuleggja skólaárið. Það er allt hægt að vinna í gegnum tölvu, bæði bréfaskriftir og önnur samskipti. Þannig er í rauninni hægt að sinna þeim undirbúningi hvar sem er. Auk þess er maður vel búinn tölvum frá Tálknafjarðarhreppi og þeir auðveldi manni þessa vinnu með aðgangi að fartölvu.“

– Ertu þá í stöðugu netsambandi inn í Djúpi?

„Já, maður nýtir sér tæknina.“

– En ef við horfum aðeins fram á veturinn og aðalstarfið hjá þér, hvernig er hugurinn í skólafarsara Grunn-skólans á Tálknafirði?

„Hann er góður, það er margt spennandi að gerast í skólafarsara í Vestur-Barðastrandarsýslu. Við erum að fara í mikla vinnu í þróun skólafarsarsins í gegnum tölvu og ætjum að byggja það upp á næstu tveimur árum. Það eru mjög spennandi tímar framundan og gaman að sjá hvað verður í vetur.“

– Má ekki segja að það hafi náðst þokkalegur árangur í skólafarsinu á Tálknafirði?

„Jú, ég held að menn geti alveg ágætlega vel við það. Það er eins og annars staðar í litlum skólum, það eru góðir árgangar og ekki eins góðir árgangar. En ég held að við getum sagt að það hafi gengið mjög vel hjá okkur.“

– Hefur kennaraliðið verið stöðugt?

„Já, síðustu ár hefur þetta verið nokkuð stöðugt og farið batnandi á síðustu tveim til þremur árum.“

– Hvað ertu búinn að vera lengi á Tálknafirði?

„Þetta er orðin tvö ár, ég er að fara inn í þriðja veturinn. Ég er með mikinn meirihluta kennaranna ennþá sem byrjuðu með mér fyrir tveimur árum. Auk þess eru þeir sem koma inn nýir núna með kennsluréttindi, þannig erum við mjög vel sett.“

Fjölbreyttir möguleikar bíða frekari skoðunar

– Ef við komum aftur að starfi þínu á Snæfjallaströnd, hvað sjá menn fyrir sér í uppbyggingunni?

„Hér sjáum við fyrir okkur uppbyggingu bæði í húsa-kosti til að geta tekið á móti fleira fólki og ennfremur í að byggja upp afþreyingarhlutann. Í samstarfi við fólk héðan erum við búin að stofna Snjáfjallasetur sem hefur það hlutverk að safna saman fróðleik tengdum þessu svæði á sem víðustum grundvelli. Við ætlum að vinna í því en síðan að þróa gönguleiðir, merkja og koma þeim betur á kortið. Kajak-fólk er alltaf velkomið hingað og greinilega er vaxandi áhugi á að koma hingað og róa um allt. Það eru líka fleiri möguleikar. Dranga-jökull heillar alltaf og það eru margir sem vilja komast í tæri við hann og skoða þennan jökul okkar Vestfirðinga. Þannig eru margir fjölmargir möguleikar sem bíða frekari skoðunar.“

Finna fyrir snertingu við jökulinn

– Þessi snertiflötur sem þú hafir við Drangajökul og margar skemmtilegar göngu-leiðir þar út frá liggur kannski einna best við fólk af höfuðborgarsvæðinu?

„Já, við liggjum vel við

samgöngum. Og af því að við tilheyrum Ísafjarðarbæ, þá vildum við nú sjá meiri áhuga hjá mönnum þar við að liðsinna okkur við uppbygginguna og vita af okkur. En það kemur örugglega með auknu streymi fólks hingað.“

– Nú í sumar hafa í fyrsta skipti verið reglulegar áætlunarsiglingar á svæðið. Hvernig hefur það gengið og hvernig hefur aðsóknin verið?

„Aðsóknin hefur verið ágæt. Reyndar hafa fallið niður tvær ferðir, önnur vegna veðurs og hin vegna fráfalls í fjölskyldu Hafsteins og Kiddýjar sem sjá um ferðirnar hingað. En það hefur í raun verið fullbókað og lífur mjög vel út. Fólk er afskaplega ánægt. Þó að við komumst ekki alla leið að jöklinum komumst við það nálægt að fólk finnur fyrir mikilli snertingu við hann. Það er ágæfagurt þarna framfrá.“

– Þetta eru dagsferðir, en ætti fólk sem dvelur lengur ekki komast alveg að jökulsporðinum?

„Jú, það getur það, þá eru allir möguleikar opnir. Fólk getur farið fram að jökli og gíst hérna – og jafnvel farið í frekari gönguferðir. Ég held að þetta eigi eftir að sanna sig.“

– En svona að lokum, hvernig hefur tíðin verið hjá ykkur í sumar?

„Tíðin er búin að vera alveg ágæt frá því að hunda-dagarnir byrjuðu. Það kom norðaustankafli þar á undan, svona tíu dagar eða hálfur mánuður. Það blés svolítið á okkur en það var ekki kalt. Júnímánuður var góður. Þetta kemur í bylglum.“

– Á heildina lítið, eruð þið ánægð með sumarið?

„Já, við erum það, þetta gengur allt vonum framfar held ég bara“, sagði Ingólfur Kjartansson, skólafarsari á Tálknafirði og ferðafjónstuvvertiðin er enn í fullum gangi en styttesti óðum í að fjölskyldan í Dalbæ fari að pakka saman og færa sig úr Ísafjarðarsýslu suður í Barðastrandarsýslu þar sem vetrarverkin bíða.

– kristinn@bb.is

Taktu þátt í ljósmynda-leiknum á bb.is



Reykjanes í Ísafjarðardjúpi.

Fjórðungsþing Vestfirðinga verður í Reykjanesi

Myndun byggðakjarna meðal dagskrármála

Fjórðungsþing Vestfirðinga, sem er ársfundur Fjórðungssambands Vestfirðinga, verður haldið í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp dagana 4. til 5. september. Á Fjórðungsþingi koma saman vestfirskir sveitarstjórnarmenn og ræða sameiginleg málefni. Guðni Geir Jóhannesson, stjórnarformaður Fjórðungssambands Vestfirðinga, segir helstu mál þingsins verða myndun byggðakjarna á Vestfjörðum og yfirtöku sveitarfélaga í fjórðungnum á málafnum fatlaðra. Gestur þingsins verður Bjarni Þór Einarsson, f r a m k v æ m d a s t j ó r i Sambands sveitarfélaga á

Norðurlandi vestra, en sveitarfélög þar hafa yfirtekið rekstur málefna fatlaðra með samningi við ríkið. Síð Friðleifsdóttir umhverfisráðherra ávarpar Fjórðungsþingið og telur Guðni því líklegt að friðunarmál muni bera þar á góma. Vímuvarnaverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga, Vertu til, verður kynnt á þinginu en Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar er einn af stjórnarmönnum þess. Hugmyndir hafa verið uppi hjá Fjórðungssambandinu um að halda nokkurs konar atvinnuvegasýningu í tengslum við Fjórðungsþing. Guðni segir undirtektir atvinnurekenda

ráða því hvað verður úr þeim hugmyndum. „Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða tók það verkefni að sér fyrir okkar hönd að hafa samband við atvinnurekendur á Vestfjörðum og bjóða þeim að vera með kynningu á fyrirtækjum sínum inni í Reykjanesi. Hugmyndin var að brjóta upp hið hefðbundna form þinganna. Það er aldrei að vita nema út úr því gætu komið einhver tengsl og gagnlegt gæti verið fyrir sveitarstjórnarmenn að sjá hvað er að gerast á öðrum svæðum en þeirra eigin“, sagði Guðni.

– kristinn@bb.is

Kraftur í bílasölu á Ísafirði að undanförunu

Söluaukning í sumar

Umtalsverður kippur hefur komið í sölu nýrra bíla á Ísafirði að undanförunu. Eins og fram hefur komið hefur sala nýrra bíla hérlendis aukist umtalsvert milli ára, einkum eftir að kom fram á sumarið. Sama er að segja á Ísafirði. Bergmann Ólafsson hjá Bílatanga segir sölu

hafa aukist mikið í sumar. „Snemma árs var hún góð en síðan óttalega döpur í vor. Eftir sýningu sem ég var með í maí hefur salan hins vegar aukist rosalega og hefur gengið vel í sumar. Mér sýnist að salan frá áramótum hafi aukist um 12% milli ára sé miðað við sama tímabil í fyrra“, segir

Bergmann. Guðmundur Hjaltason sölustjóri hjá FMG bílasölu segir sölu hafa verið ágætis söðustu vikur. „Ég hef tekið eftir mikilli aukningu á síðustu dögum. Það er þó áberandi meiri sala á notuðum bílum en nýjum.“

– halfdan@bb.is

Stefnt að breiðfyllkingu á fundi um línuívilnun

Smábátasjómenn blása til stórfundar á Ísafirði um miðjan næsta mánuð. Til hans er boðað vegna þeirra áförmastjórnfvalda að fresta línuívilnun til næsta hausts og verður reynt að skapa breiðfyllkingu hagsmunaaðila á svæðinu um málið. „Við leitum til verkafjöðshreyfingarinnar, sveitarfélaga, sparisjóða og fleiri aðila og ætlum að reyna að fá menn víðar að en af Vestfjörðum“, segir Guðmundur Halldórsson, formaður smábátafélagsins Eldingar. „Á þessum fundi verður þess krafist að staðið verði við stjórnfarsáttmálann.“ – halfdan@bb.is

Steinn Ingi sigraði á styrktarmóti GÍ

Steinn Ingi Kjartansson sigraði með 22 punktum á styrktarmóti Golfklúbbs Ísafjarðar sem haldið var á Tungudalsvelli í síðustu viku. Í öðru sæti varð Kristján Grétar Schmidt með 21 punkt og í þriðja sæti Samúel Einarsson, einnig með 21 punkt. Náandarverðlaun á 7. braut hlaut Kristján Kristjánsson en hann var 1,62 m frá holu. Mótið var haldið til styrktar sveit Golfklúbbs Ísafjarðar vegna ferðar hennar á sveitakeppni Golf-sambands Íslands í Borgarnesi um mánaðamótin. – hlynur@bb.is

Jaðrakaninn Stína kominn til Írlands

Litmerktur jaðrakan sem merktur var við Holt í Öfundarfirði í júní sást 9. og 11. ágúst í Cork á suðurstroönd Írlands. Tómas Gunnarsson doktorsnemi merkti fuglinn 22. júní og gaf honum nafnið Stína í höfuðið á sóknarprestinum í Holti, séra Stínu Gísladóttur. Þá voru merktir tveir ungar Stínu og saúst þeir síðast 9. ágúst á leirunum inni í botni Öfundarfjarðar. Jaðrakaninn er mjög séður og erfitt getur verið að fanga hann. Í leiðangri sínum tókst Tómasi að merkja 7 fulloröna jaðrakana og 9 unga sem telst nokkuð gott. – kristinn@bb.is

Ætlaði að verða skíða-drottning, blaðamaður og forsetafrú



Nafn: Ólína Þorvarðardóttir.

Fædd/-ur, hvar og hvenær: Í Reykjavík, 8. 09. 1958.
Atvinna: Skólameistari Menntaskólans á Ísafirði, fræðimaður og rithöfundur þegar tími gefst til – hús-móðir í hjáverkum.

Fjölskylda: Eiginmaður Sigurður Pétursson, sagn-fræðingur. Börn: Þorvarður Kjerúlf (28), Saga (21), Pétur (20), Magdalena (18) og Andrés Hjörvar (9).

Helstu áhugamál: Hestamennska, dans, útivera, kveðskapur og lestur góðra bóka.

Bífreið: Subaru Forrester og Mazda 323.

Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Subaru Forrester og Mózdu 323.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Skíðadrottning, blaðamaður og forsetafrú.

Uppáhalds matur? Hrísgjónagratut með lifrapylsu, kanel og rjóma.

Versti matur sem þú hefur smakkað? Súr skyr-hræringur.

Uppáhalds drykkur? Vatn.

Uppáhalds tónlist? Öll góð tónlist – þessa dagana finnst mér skemmtilegast að hlusta á Óðinn heitinn Valdimarsson syngja gamla smelli.

Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Þar sem ég er nýkominn af Króksmóti með son minn er hann óneitanlega uppáhalds íþróttamaðurinn og BÍ félagið.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Fraiser, fréttir og Beð-málin góðu.

Uppáhalds vefsíða? www.witchvoice.com þar sem hægt er að finna nánast hvaðeina um sögu galdra-ofsókna í heiminum, galdraíðjuna sjálfa og ýmsa hópa sem nú eru starfandi. Afar fræðandi síða.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Ef ég á að nefna áhrifaríkar kvikmyndir þá dettur mér fyrst í hug danska myndin Festen eða veislan. Innlend mynd sem snerti mig djúpt var Nói albinói.

Fallegasti staður hérlendis? Það er skógvaxið fossgil inni í Alftafjarðarbotni, staður sem fáir hafa séð enda þarf maður að ganga þangað.

Fallegasti staður erlendis? Ætli það sé ekki Montserrat fjallið á Spáni – hrikalega hátt og sérkennilegt fjall. Útsýnið þar er eitt það tignarlegasta sem ég hef séð og hef þó ferðast víða.

Ertu hjátrúarfull(ur)? Eru það ekki allir?

Uppáhalds heimilistækni? Kaffikannan.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Að ríða góðhesti í viðattumiklum grasbala í góðu veðri með fjölinn allt í kring.

Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Tafir og tölvuvírusar – af augljósum ástæðum.


Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Kveiki á kertum og góðu reykelsi, set slökunarspólu í tækið og loka augunum – ef ég vil vera ein. Ef ekki, þá finnst mér gott að hreiðra um mig í sófanum með fjölskyldunni, nammi í skálinni og góða spólu í tækinu.

Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Já.

Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Það var þegar ég var einhverju sinni að lesa fréttir í beinni útsendingu með Ómari Ragnarssyni á Sjónvarpinu. Hann var alltaf með farsíma meðferðis, og í þá daga voru farsímarnir líkari töskum en sínum, nokkurskonar talstöðvar (þetta var 1987). Jæja, í miðjum fréttalestri, fer farsíminn hans að hringja undir borðinu. Ómar var í mynd, svo ég ákvað að bjarga málinu og lét mig síga undir borðið til að slökkva á símanum. Það vildi ekki betur til en svo að Ómar var nýkominn í hús úr einhverjum fréttaleiðangri uppi á jökulum, svo hann hafði naumlega komist úr kuldagallanum og í jakkann, en hafði ekki haft tíma til að fara í buxur, og sat þess vegna á nærbuxunum þarna við hliðina á mér. Það voru þrúgandi augnablik á meðan ég þreifði þarna um fæturna á Ómari í leit af fjárans símanum sem mér tókst með einhverjum ótrúlegum hætti að slökkva á, þótt almyrkur væri undir borðinu. Merkilegast var þó að Ómar skyldi ekki fipast í lestrinum – en hann lét á engu bera.

Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Eg myndi strax setja viðbótarheinsibúnað á sorpeyðingarstöðina í Engidal og færa hana síðan út á eitthvert annesíð.

Lífsmottó? Et, drekk og ver glaður: Öllu er afmörkuð stund.



Dvergtroll prinsins í Abu Dhabi við Ísafjarðarhöfn í vor. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Prins í Abu Dhabi fær íslenskan bát og dvergtroll hannað á Ísafirði

Guðmundur hafnarstjóri fer og kennir á búnaðinn

Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri á Ísafirði fer í næsta mánuði til Abu Dhabi í Sameinuðu arabísku furstadæmum til þess að kenna meðferð lúxusbáts og veiðarfæra sem prins í soldánsfjölskyldunni þar fær frá Íslandi. Prinsinn hefur látið Trefjar hf. í Hafnarfirði smíða fyrir sig skemmtisnekkju, sem jafnframt er útbúin til togveiða. Í samtali við blaðið kvaðst Guðmundur hafa verið syðra fyrir skömmu að prufukeyra bátinn. Við veiðar verður notað dvergtroll sem Guðmundur hannaði sérstaklega í þessu

skyni fyrir prinsinn kunningja sinn og hér var greint frá á sínum tíma.

Báturinn átti að fara í flutningaskip í byrjun þessarar viku. Þegar hann er kominn á áfangastað í Abu Dhabi eftir mánaðartíma eða svo fer Guðmundur flugleiðis utan til þess að kenna á bátinn og trollið og starta veiðunum. Guðmundur fór árið 1998 í söluferð fyrir Trefjar og fór á báti frá því um alla Evrópu. Hann segir að viðskipti prinsins við Trefjar séu angí af þessari söluferð.

Hin nýja íslenska skemmtisnekkja prinsins í Abu Dhabi

er 38 feta bátur, steypur í sama móti og Guðmundur Einarsson ÍS í Bolungarvík sá nýjasti. Íburður er þó öllu meiri í báti prinsins og hvergi til sparast. Allur togveiðibúnaður er neðan þilja og sést ekki nema þegar verið er að nota hann.

Guðmundur segir dvergtrollið löngu farið suður til Abu Dhabi. Það hafi hins vegar ekki enn verið notað þar og verði ekki fyrr en hann kemur sjálfur og kennir meðferð þess. Trollið er mun minna en hefðbundin veiðarfæri íslenskra fiskiskipa. Guðmundur segir að þetta sé tómstundaveiðar-

færi og henti vel fyrir einn mann.

Guðmundur sem er Bolvíkingur að uppruna hefur umtalsverða reynslu af fiskveiðum á framandi slóðum. Þannig starfaði hann í sjó ár við fiskveiðiráðgjöf um allan heim áður en hann kom til Ísafjarðar fyrir nokkrum misserum og tók við starfi hafnarstjóra. Segir hann að ætlunin sé að veiða ýmiskonar hitabeltisfiska með dvergtrollinu en aðallega sé verið að sækjast eftir tegundum sem á ensku nefnast „groupers“ og „snappers“.

– hlynur@bb.is

Dreifmenntarverkefnið á suðursvæði Vestfjarða ekki nýmæli

Fjarkennsla á grunnskólastigi reynd á Vestfjörðum áður

– segir Skarphéðinn Jónsson, skólastjóri á Ísafirði og áður á Hólmavík

Skarphéðinn Jónsson, skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði og fyrrverandi skólastjóri á Hólmavík, segir ekki rétt sem fram hefur komið í fréttum af dreifmenntarverkefni í Vesturbyggð og á Tálknafirði, að slíkt sé nýmæli hérlendis.

„Af fréttum má helst skilja að hér sé um frumkvöðlastarf að ræða og þetta hafi ekki verið gert áður á grunnskólastigi. Rétt er að ekki er hefð fyrir þessu meðal íslenskra grunnskóla. Hins vegar vill gleymast í þessu sambandi að hér á Vestfjörðum var svipuð tilraun gerð fyrir nokkrum árum. Hún hófst skólaárið 1999-2000 og



Skarphéðinn Jónsson.

var haldið áfram að minnsta kosti í þrjú ár. Þarna var um að ræða verkefni í „fjarkennslu“, sem svo var nefnt, á grunnskólastigi milli grunnskólans á Hólmavík og Broddanes-

skóla“, segir Skarphéðinn.

„Samband íslenskra sveitarfélaga undir forystu Sigurjóns heitis Péturssonar hafði umsjón með tilrauninni og fjármagnaði tækjakaup. Tvær skýrslur að minnsta kosti voru skrifaðar um þessa tilraun, önnur eftir undirritaðan ásamt öðrum skólastjórnendum hlutaðeigandi skóla (maí 2000) og hin eftir Rúnar Sigþórsson fyrir hönd Háskólans á Akureyri (júlí 2000). Í þessum skýrslum er aðdragandinn skoðaður og reynslu fyrsta ársins haldið til haga. Mér sýnist að markmið þessa nýja verkefnis í Vesturbyggð og Tálknafirði séu áþekkt og þau sem

lagt var upp með á Hólmavík á sínum tíma. Að því leyttinu til virðist nú lagt upp á svipuðum forsendum og þá var.

Á Ströndum er nú til staðar ákveðin reynsla um fjarkennslumál. Ég vona bara að forsvarsmenn þessa nýja verkefnis noti þau gögn sem til eru um verkefnið á Hólmavík og Broddanesi til aðstoðar eða leiðsagnar eftir því sem við á. Reyndar held ég að tilraunin á Hólmavík hafi verið sú fyrsta á Íslandi ef undan eru skilin nokkur dæmi um „fjarkennslu“ milli skóla og barna á sjúkrahúsum en slík dæmi eru auðvitað annars konar“, segir Skarphéðinn. – hlynur@bb.is

Spyr hvort fólk vilji eyða 700 milljónum til að eyðileggja umhverfisperlu

Reynir Bergsveinsson, eigandi Hróteyjar í Mjóafirði við Ísafjarðardjúp, segir drög að matsskýrslu vegna umhverfisáhrifa vegaframkvæmda á Djúpvegi frá Hörtná í Mjóafirði að Eyrarhlíð í Ísafirði aldreif hafa náð til Hróteyjar. Vegagerðin hefur lagt til að Mjóifjörður verði þveraður um Hrótey frekar en að leggja nýjan veg yfir Eyrarfjall um Hestakleif.

„Menn frá Náttúrustofu Vestfjarða komu hérna í heim-

sókn í hálf tíma árið 2001 og fundu um þrjátíu æðarheiður en hér verpa um tvö hundruð fuglar. Við umhverfismatið virðist í þetta skiptið frekar hafa verið leitað að áhrifum sem voru neikvæð við leiðina sem á ekki að fara heldur en leiðina sem á að fara“, segir Reynir.

Í samgönguáætlun fyrir næstu 12 ár er gert ráð fyrir að Mjóifjörður verði þveraður um Hrótey. „Þessar framkvæmdir hafa ekki verið

ákveðnar endanlega. Þó að hreppsnefnd Súðavíkur sé hlynnt þeim er framkvæmdaplanið engan veginn á leiðar enda. Ég trúi því að Vegagerðin eigi eftir að skoða þessi mál mjög vel og fara almennilega ofan í saumana á umhverfismálunum. Þannig á ég alls ekki von á að af þessari vegarlagningu yfir Mjóafjörð verði.“

Reynir reiknar með að gera athugasemdir við umhverfismatið til Skipulagsstofnunar

þegar það liggi fyrir. Hann gagnrýnir m.a. að ekki sé tekið nægjanlegt tillit til áhrifa framkvæmdarinnar á sjávarföll í Mjóafirði sem hann segir að muni hafa í för með sér neikvæð áhrif á leirur í botni fjardarins og þangbelti.

„Einn stór þáttur sem vantar í matið á umhverfisáhrifunum eru áhrif framkvæmdarinnar á fólk. Það er ekki búið að spyrja fólk á Vestfjörðum hvort það vilji frekar fara yfir Hrótey en nýjan veg um Eyr-

arfjall. Stærsti hluti umferðarinnar er á sumrin þegar enginn snjó er. Það er sagt að þessi framkvæmd hafi bætandi áhrif á mannlíf og lifnaðarhætti en vegurinn stýttist ekki neitt. Með jarðgangagerð undir Hrafnseyrarheiði stýttist sú leið aftur á móti um 25 kílómetra.

Það er 700 milljón krónum

dýrara að fara yfir Mjóafjörð en yfir Eyrarfjall. Heildarkostnaður við framkvæmdina er áætlaður 1.400 milljónir. Því er spurning hvort fólk vilji taka taka það fé til að eyðileggja náttúruperlu í Ísafjarðardjúpi eða knýja í staðinn á um jarðgöng undir Hrafnseyrarheiði“, sagði Reynir Bergsveinsson. — kristinn@bb.is



Hallgrímur Sveinsson staðarhaldari fyrir dyrum burstabæjar Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri.

Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri við Arnarfjörð

Metaðsókn í sumar og margir að koma á Vestfirði í fyrsta sinn

Aldreif hafa eins margir heimsótt fæðingarstað Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri við Arnarfjörð og í sumar. Hallgrímur Sveinsson staðarhaldari segir að búast megi við að

gestafjöldi fari yfir fimm þúsund manns um mánaðamótin þegar safni og veitingasölu verður formlega lokað. Mjög áberandi hefur verið í sumar hversu mörg börn og unglingar

hafa komið á staðinn. Þá segir Hallgrímur að hitt sé ekki síður eftirtektarvert, hversu margir af gestum þeim sem komið hafa til Hrafnseyrar eru í sinni fyrstu heimsókn til

Vestfjarða. Enn er mikil umferð gesta og gangandi á Hrafnseyri þótt farið sé að draga úr henni eins og vant er um þetta leyti. — hlynur@bb.is

Ísafjörður

Látin sofa úr sér

Ein kona gisti fanga-gymslur á Ísafirði aðfaranótt sunnudags vegna ölvunarástands. Lögregla fann konuna rænulausa af drykkju í miðbænum og skaut yfir hana skjólshúsi. Að öðru leyti var helgin tíðindalaus hjá lögreglunni á Ísafirði. — kristinn@bb.is

Áfrýjun í máli Flosa Arnórssonar

Gæti losnað eftir viku

Áfrýjun í máli Flosa Arnórssonar, stýrimanns frá Ísafirði, sem situr í fangelsi í Abu Dhabi, var tekin fyrir um síðustu helgi. Um næstu helgi má búast við úrskurði í málinu. Jóna Arnórsdóttir, systir Flosa, segir lögmenn hans hafa leitt málið fyrir formanni áfrýjunardómstólsins. Þeir fóru fram á að hann fengi að afplána

báða dómana í einu. Ef það gengur eftir losnar Flosi um helgina.

Flosi var tekinn fyrir ólöglegan vopnaburð á flugvelli- um í Dubai í apríl. Fyrst sat hann í fangelsi í 40 daga en var síðan settur í farbann þar til 12. ágúst þegar rétt að var í máli hans. Hann fékk samtals fjögurra mánaða dóm fyrir tvö

brot. Brotin voru að hafa skotvopn og 28 skothylki í fórum sínum.

„Við höfum ekkert fengið að heyra í honum. Samkvæmt fregnum sem við höfum fengið frá lögmanni Flosa og norska sendiráðinu er ágætis aðbúnaður í fangelsinu, þar getur hann til dæmis keypt nauðsynjar“, sagði Jóna.

Skólaakstur í Dýrafirði

F&S hópferðabílar buðu lægst

Fjögur tilboð bárust í skólaakstur í Dýrafirði næstu tvö ár. Lægst var tilboð F&S hópferðabíla ehf. sem nam liðlega 3,6 milljónum króna. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að ganga til samninga

við fyrirtækið um akstur næstu tvö skólaár. Önnur tilboð í verkið voru frá Stjórnubílum ehf. (3,8 mkr.), Steinþóri A. Ólafssyni (3,9 mkr.) og Jóni Reyni Sigurðssyni (4,6 mkr.). — halfdan@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

LAUST STARF

Starfsmaður óskast til að aðstoða nemanda í 1. bekk frá kl. 12:45 til 16:00. Um er að ræða 45% starf frá 1. september til maíloka.

SKÓLASETNING

Skólasetning verður föstudaginn 29. ágúst nk. Nemendur 8.-10. bekkjar mæta á sal kl. 09:00. Nemendur 5.-7. bekkjar mæti kl. 11:00. Sjá nánar á heimasíðu skólans á Skólatorginu. Nemendur 1. bekkjar verða boðaðir sérstaklega.

Skólastjóri.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

smáar

Verkferataska fannst fyrir utan Gamla bakarið. Eigandi getur haft samband við Mariu eða Rósu í síma 456 3226.

Óska eftir að kaupa tvíbreitt rúm og litla frystikistu. Uppl. í síma 456 4186.

Til sölu er 2ja herb. íbúð að Urðarvegi 78 með sérinngangi. Uppl. í sínum 456 3928 eða 456 4323.

Til sölu er vél, felgur, sjálfskipting og ýmsir aðrir varahlutir úr Subaru Legacy 2.0 GL árg. 92. Óska einnig eftir vél í Subaru Legacy 1.8 GL árg. 1990. Uppl. gefur Pálina í síma 867 7741 eða 456 3655.

Óska eftir 2ja-3ja herb. íbúð á leigu. Uppl. gefur Gunnar í síma 846 3241.

Til sölu er Toyota Land Cruiser 90 GX árg. 1997, 33" breyttur. Uppl. í síma 898 3772.

Óska eftir 2ja-4ra herb. íbúð til leigu á Ísafirði sem fyrst. Uppl. í síma 864 1341.

Barnapössun óskast 2-3 í viku. Uppl. veitir Ingibjörg í síma 867 0429.

Til sölu er MMC Galant árg. 92, ekinn 180 þús. km. skoðaður 04. Bili í toppstandi. Asett verð kr. 300 þús. Uppl. gefur Þórir í síma 866 4020.

Ertu að flytja eða laga til? Ef þú átt hluti í geymslunni sem þú vilt losna við þá vantar okkur hluti á flóamarkaðinn okkar. Þú hringir, við sækjum. Bryndís sími 868 6799, Sigurveig sími 895 0375 og Björgi sími 690 5211.

Til sölu er MMC L300, árg. 1988, ekinn 206 þús. km., 4x4. Uppl. í síma 898 4595.

Óska eftir 2ja herb. íbúð til leigu á Ísafirði sem fyrst. Uppl. gefur Tóta í síma 865 1755.

Til sölu er Plymouth Lacer, árg. 92. Fæst ódyrt þar sem hann þarfnast lagfæringa. Uppl. í síma 846 3241.

Til sölu er litid notuð Teka eldavél og vifta. Verð ca. 30 þúsund kr. Upplýsingar í síma 456 4451.

Til leigu er 4ra herb. íbúð á göðum stað við Aðalstræti á Ísafirði (gengið inn frá Brunn götu). Upplýsingar gefur Axel í síma 861 3321.

www.bb.is



Íslenski fáninn blaktir á grind nýja fjóssins á Vöðlum.

Nýja fjósið á Vöðlum í Önundarfirði

Reisugildi í veðurblíðu

Fyrir helgina var lokið við að reisa stálgrindina í nýju fjósi á Vöðlum í Önundarfirði. Í tilefni þess voru fánar dregnir að húni og menn slógu á létta strengi. Ekki sakaði að veður-

guðirnir lögðu sitt af mörkum með einmuna blíðu.

Fyrstu skóflustungur að nýjum fjósum á Vöðlum í Önundarfirði og í Botni í Súgandafirði voru teknar sama

daginn í lok maí. Slíkt er nokkur viðburður á norðanverðum Vestfjörðum á síðari árum og var bæjarstjórnin í Ísafjarðarbæ meðal margra viðstaddra. Verktakafyrirtækið Ágúst

og Flosi ehf. á Ísafirði annast byggingu fjósanna að mestu. Fjósið á Vöðlum verður tæplega 550 fermetrar að stærð. Þar verður pláss fyrir 43 mjólkurkúr ásamt ungviði.

Fastir viðskiptavinir Súðavíkurhafnar

Fá allt að 20% afslátt

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur ákveðið að heimila að veita föstum viðskiptavinum Súðavíkurhafnar allt að 20% afslátt frá viðmiðunargjaldskrá samgönguráðuneytisins. Áður hafði hafnarstjórn

samþykkt að veita allt að 10% afslátt frá gjaldskránni. Ómar Már Jónsson sveitarstjóri í Súðavík segir ný hafnalög sem sett voru í vor skapa breytt rekstrarumhverfi en á grundvelli þeirra hafi viðmiðunar-

gjaldskrá ráðuneytisins verið ákveðin.

„Samkvæmt gjaldskránni eru aflagjöld 1,6% en höfnunum er heimilt að hafa þau allt að 20% hærri eða lægri. Hafnarstjórnin ákvað að fara 10% niður fyrir viðmiðunargjaldskrá en hreppsnefndin gefur hafnarstjóra heimild til að veita allt að fullum afslætti til viðskiptavina“, segir Ómar.

Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. er langstærsti viðskiptavinur Súðavíkurhafnar en fyrirtækið rekur öfluga rækjuverksmiðju í Súðavík. „Því er ekki að leynd að rekstrarum-

hverfið í rækjuíðnaðinum hefur verið nokkuð erfitt, bæði vegna afurðaverðs og gengis. Við lítum svo á að Hraðfrystihúsið-Gunnvör sé mjög mikilvægur atvinnurekandi hér í Súðavík og einn af þáttunum fyrir þessari ákvörðun er að koma til móts við þær erfiðu aðstæður sem fyrirtækið starfar við. Við höfum haft ákveðinn sveigjanleika í okkar gjaldskrá, t.d. hjá vatnsveitu, sem endurspeglar vilja okkar til að koma til móts við rækjuverksmiðjuna án þess að ganga of nærri okkar tekjustofnum“, sagði Ómar. – kristinn@bb.is

Ísafjörður

Innbrot í snjóbil

Lögreglunni á Ísafirði var um miðja síðustu viku tilkynnt að brotist hefði verið inn í snjóbil Björgunarfélags Ísafjarðar.

Bíllinn stóð uppi á Breiðadalsheiði og hafði að sögn lögreglunnar verið þar í nokkurn tíma. Tækjabúnaði var stolið bæði úr bílnum og af honum.

– kristinn@bb.is

Vestfirðir

Áhyggjur af ákveðnum byggðum

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að almennt sé ástæða til bjartsýni í atvinnumálum landsmanna. Hann segir að meðalatvinnuleysi á þessu ári verði í kringum 3,5% en búast megi við að meðalatvinnuleysið á næsta ári verði heldur minna.

Gissur segist helst hafa áhyggjur af svæðum á borð við Suðurnesin og ákveðnum byggðarlögum á Vestfjörðum, þar sem atvinnuleysið sé einhæft. Á slíkum svæðum þurfi hins vegar að grípa til sértækra aðgerða til að draga úr atvinnuleysi. Þarna mun forstjórnin ekki síst eiga við Bíldudal, en þar eru nú alvarlegar blíkur á lofti í atvinnumálum.

bb.is – þessi eini sanni fyrir vestan!

STAKKUR SKRIFAR

Pólitískur draugagangur

Fjölmíðlar hafa fjallað mjög um samráð olíufélaganna um verð á sölvörum sínum. Margt hefur verið talað og ritað í þeim efnum. Tvennt ber þó hæst. Annars vegar þáttur núverandi borgarstjóra, Þórólfs Árnasonar, sem vafalaust er að flestu leyti hinn ágætasti maður. Hann hefur ekki komið fram með sannfærandi hætti í þessu stóra máli, sem dómkirkjuprestur gerði að umfjöllunarefni í stólræðu sinni fyrir rúmri viku. Í fyrstu neitaði borgarstjóri að tjá sig um málið og bar því við að hann hefði lofað Samkeppnisstofnun þögn. Hún var síðan rofin á enn meira ósannfærandi hátt. Hann hefði verið millistjórnandi, ekki tekið ákvörðunina og hann vissi nú að betra hefði verið að haga sér með öðrum hætti. Þessi maður var í framkvæmdstjórn Olíufélagsins, eins og lesa má um í sögunni, er Jón Þ. Þór sagnfræðingur tók saman í tilefni 50 ára afmælis félagsins og gefin var út á bók. Þar er að finna mynd af framkvæmdastjórninni og skipurit félagsins. Nú kemur almenningi ekki við hver var fortíð hans að sögn fyrrum borgarstjóra og talsmanns Samfylkingarinnar.

Samráðið er vissulega afar ógeðfellt, en þó ekki meira en svo að það virðist ekki hneyksla suma stjórnálamenn, að borgarstjórnin ný hafi þar óumdeilalega komið að máli, hvornig svo sem þátttaka hans verður metin þegar öll kurl koma til grafar. Reyndar sýnist þessi hegðun forsvarsmanna olíufélaganna ekki hafa mjög mikil áhrif á almenning umfram augnablikið, sem hún ræður fréttatímum fjölmiðla og skrifum dagblaðanna. En líkt og þegar þáttur borgarstjórans er til umræðu skiptast skoðanir eftir pólitískum línun. Borgarstjórnarmeiri-

hlutinn, er allir vinstri flokkarnir standa að, telur þátt hans lítinn, en vill að lögreglan taki þátt forstjórnanna til rannsóknar á sama tíma og Samkeppnisstofnun fjallar um hann samkvæmt sérlögum. Fremstur gengur þar í flokki Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður, sem sendir ríkislögreglustjóra tóninn og sakar hann um pólitísk tengsl. Fræðimenn hafa tjáð sig um að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi komist að þeirri niðurstöðu, að ekki mætti fjalla um brot manna á tvennum vígstöðvum og gera þeim refsingu, væntanlega tvöfalda um leið. Kristinn telur gagnstætt formanni Framsóknarflokksins að þessi skoðun sé hin mesta firra og bendir á að lögreglan eigi að taka málið til sjálfstæðrar rannsóknar og þá væntanlega úr höndum Samkeppnisstofnunar. Hér hiit er hátt ber.

Bogi Nilsson ríkissaksóknari telur einkar óheppilegt og ekki í samræmi við lög um opinber mál, að kynna sakborningum niðurstöðu rannsóknar eins og gert hefur verið með áfangaskýrslu stofnunarinnar. Ef til vill á að gilda önnur verkskipting í þessum málaflokki en skatranssóknun. Hver sem hin endanlega niðurstaða verður, er spurt hvort Kristinn H. Gunnarsson sé á leið út úr Framsóknarflokki, eins og hann talar í þessu máli og varðandi línuvilnun. Stjórnarandstaðan gæti verið að tala. Hvort sem það er raunin eður ei, er vert að fylgjast með Kristni á næstunni. Hann hefur áður skipt um flokk. Pólitískur draugagangur kemur víða fram.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

SPURNINGIN

Spurt var:

Telur þú að hrefnuveiðarnar muni hafa slæm áhrif á ferðaþjónustuna hér á landi?

Alls svöruðu 349.
Já sögðu 48 eða 14%
Nei sögðu 301 eða 86%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Þar sem púlsinn slær...



Magnús Gautur og Anna Ragnheiður sigruðu

Magnús Gautur Gíslason, Golfklúbbi Ísafjarðar, varð hlutskarpastur meðal karla án forgjafar á HG-mótinu í golfi sem fram fór á Tungudalsvelli á Ísafirði á laugardag og sunnudag. Leikinn var 36 holu höggleikur og lauk Magnús mótinu á 145 höggum. Hlutskörpastur meðal kvenna án forgjafar varð Anna Ragnheiður Grétarsdóttir (GÍ) en hún lék á 187 höggum.

Í öðru sæti í karlaflokkri varð

Sigurður Fannar Grétarsson (GÍ) á 145 höggum. Gunnlaugur Jónasson (GÍ) varð þriðji á 162 höggum, Kristján Jónsson frá Golfklúbbi Bolungarvíkur fjórði á 166 höggum og Gylfi Sigurðsson (GÍ) fimmtí á 168 höggum. Í öðru sæti meðal kvenna varð Kristín Karlsdóttir (GÍ) á 208 höggum en Guðrún Ásbjörg Stefánsdóttir (GÍ) varð í þriðja sæti á 222 höggum.

Að teknu tilliti til forgjafar



Verðlaunahafar og Einar Valur lengst til hægri að loknu móti.

varð Magnús Gautur einnig hlutskarpastur meðal karla á 135 höggum. Sigurður Fannar Grétarsson varð að sama skapi í öðru sæti á 139 höggum en Kristján Jónsson þriðji á 140

höggum. Þá komu Gunnar Már Elíasson (GBO) á 141 höggi og Pétur Þór Birgisson (GÍ) á 142 höggum.

Í kvennaflokkri hélst röð efstu kylfinga óbreytt að teknu

tilliti til forgjafar. Anna Ragnheiður varð efst á 151 höggi en þá komu Kristín Karlsdóttir á 152 höggum og Guðrún Ásbjörg á 166.

Á meðfylgjandi mynd sjást

verðlaunahafar á mótinu ásamt Einari Val Kristjánssyni, framkvæmdastjóra Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf., en fyrirtækið styrkti mótið og gaf verðlaun. – kristinn@bb.is

Ferðapjónustan breyti hugarfari nútíma borgarbúa til hvalveiða

Nýting hvalafurða var þáttur í menningu þjóðarinnar

– segir Jóhann Ásmundsson, formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða

Ferðapjónustan á Vestfjörðum hefur ekki farið varhluta af viðbrögðum andstæðinga hvalveiða við nýbyrjuðum vísindaveiðum, líkt og sjálfsagt á við um ferðapjónustu víðast hvar á landinu. Sem dæmi barst aðilum í ferðapjónstu hér vestra yfirlýsing frá þýskum ferðamanni sem vegna hvalveiðanna hafði hætt við ráðgerða ferð sína um Vestfirði. Jóhann Ásmundsson á Hnjóti í Örlygshöfn, formaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða, segir að ferðapjónustan eigi að takast á við það erfiða hlutverk

að breyta hugarfari nútíma borgarbúa til hvalveiða, enda sé maðurinn hluti náttúrunnar en ekki andstæðingur hennar.

„Ég held að það sé fyrirséð að ferðapjónustan muni fá afboðanir sem þessa í kjölfar hvalveiða. Spurningin er hvernig eigi að bregðast við. Mín skoðun er sú að að hvalveiðar þurfi ekki að vera gegn náttúrunni og að með þeim hættum við ekki að „lifa í samhljómi við náttúruna“ eins og einn bréfritari trúir“, segir Jóhann. Hann segir þá sem trúa slíku virðast á einhvern undar-

legan hátt hafa dottið úr tengslum við náttúruna.

Jóhann vill kynna fyrir ferðamönnum hvernig Vestfirðingar hafi nýtt náttúruna á sjálfbæran hátt þannig að fyrri kynslóðir skiluðu jafnvel betra búi til afkomenda sinna en þær tóku við. „Við nýttum allan hvalinn sem dæmi og hann var mjög mikilvægur í mataræði Íslendinga. Þetta var allt önnur nýting á hvalaafurðinni en svokallaðar „commercial whaling“ hjá hvalveiðipjóðunum sem nýttu eingöngu lítinn hluta hvalsins og þá til iðnað-

arframleiðslu, öllu kjöti var hent. Mér finnst mikilvægt að ferðapjónustan kynni fyrir ferðamönnum þennan þátt í menningu okkar.“

Jóhann segir vel kunna að vera að með hvalveiðum nú sé verið að skaða meiri hagsmuni fyrir minni. „Hin leiðin er auðvitað að berjast gegn hvalveiðum á þeim forsendum. Vera má að það sé rétt. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að ef horft er til lengri tíma séum við að skaða okkur meira með því að vera gegn hvalveiðum sem eru stundaðar í þeim anda



Gunnlaugur Konráðsson, einn skipverjanna á Halldóri Sigurðssyni, smakkar hér hrátt hrefnukjöt við komuna til Ísafjarðar.

sem Íslendingar hafa viðhaft hér við land í hundruð ára. Sjávarfang er of mikilvæg fæðuauðind fyrir ört vaxandi mannfjölda að það er óðs manns æði að nýta hana ekki

með vitrænum hætti og þessar vísindaveiðar eru mikilvæg liður til undirbúnings þeirri nýtingu.“, sagði Jóhann Ásmundsson.

– kristinn@bb.is

Skólasókn 16 ára ungmenna

Hefur aukist mikið milli ára

Samkvæmt könnun Hagstofunnar var skólasókn 16 ára ungmenna mest á Vestfjörðum á síðasta ári eða 93%. Skólasóknin var næstmest á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur en þar var hún 92%. Á landsvísu var skólasóknin 91% og hefur aukist um 1 prósentustig frá árinu á undan. Þetta er í fyrsta skiptið sem skólasókn þessa aldurshóps mælist yfir 90%.

Upplýsingum er safnað beint frá skólunum og miðast við fjölda nemenda um miðjan október. Hagstofan segir vekja athygli að skólasókn 16 ára ungmenna hafi aukist mikið á Vestfjörðum, Suðurlandi og Vesturlandi eða um 4-5 prósentustig frá fyrra ári. Skóla-

sókn Vestfirðinga breytist talsvert eftir 19 ára aldur en skólasókn 20 ára aldurshópsins er undir landsmeðaltali og mælist þá lægst á landinu ásamt Suðurnesjum.

Við 24 ára aldur er skólasókn Vestfirðinga komin niður í 17% en næstmínst er hún á Suðurnesjum eða 18% ef lítið er til dagskólanema. Ef horft er til allra nemenda með lögheimili á Vestfjörðum óháð kennsluformi hækkar skólasóknin í aldursflokknum upp í 26% og upp um eitt sæti borið saman við aðra landshluta. Skólasókn aldurshópanna sem telja má á háskólaaldri eða eldri en tvítugra er mest meðal þeirra sem lögheimili eiga í Reykjavík.

Hugmyndaríkar konur ...
... athugið!

BRAUTARGENGI

Impra nýsköpunarmiðstöð
löntæknistofnun

Impra – nýsköpunarmiðstöð í samvinnu við
atvinnuþróunarfélögin heldur námskeiðið

Brautargengi
á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði
fyrir konur sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í
framkvæmd og stunda eigin atvinnurekstur.

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur:

- skrifi viðskiptaáætlun
- kynni grundvallaratriðum stofnunar fyrirtækis
- óðlist hagnýta þekkingu á þeim þáttum sem koma að fyrirtækjarekstri, s.s. stefnumótun, markaðsmálum, fjármálum og stjórnum.

Námskeiðið byggist upp á fyrirlestrum, verkefnaþingum og persónulegri handleiðslu.

Tímabil: 10. september til 10. desember 2003.

Nánari upplýsingar og skráning eru hjá Impru, löntæknistofnun, í sínum 462 1706 / 462 1700, á vefsíðu okkar www.impra.is eða í netfangi amheidurj@ti.is. Skráningu lýkur 3. september n.k. Takmarkaður fjöldi.

Þátttakendur á Brautargengi eru styrktir af eftirfarandi aðilum:

Byggðastofnun og Akureyrarbæ.

helgar

dagbókin

Sjónvarp • veður •
skemmtanir •
íþróttir • fólk •
fréttir • kirkjustarf

veðrið

Horfur á fimmtudag:
Hæg vestlæg eða breytileg átt. Skýjað og víða súld um sunnan- og vestanvert landið, en létt-skýjað norðaustan- og austanlands. Hiti 10-18 stig, hlýjast astantil.

Horfur á föstudag:
Norðlæg átt og víða súld norðanlands, en annars létt-skýjað með köflum. Hiti

8 -16 stig, hlýjast suðvestanlands.

Horfur á laugardag:
Suðvestan 3-8 m/s og fer að rigna suðvestanlands, en hæg breytileg átt og þurrt að kalla í öðrum landshlutum.

Horfur á sunnudag:
Suðvestlæg eða breytileg átt og væta um mest allt land. Fremur milt í veðri.

Horfur á mánudag:
Suðvestlæg eða breytileg átt og væta um mest allt land. Fremur milt í veðri.

sportið

Sjónvarpið:
Föstudagur 29. ágúst:
Kl. 16:20 – HM í frjálsum íþróttum í París.

Laugardagur 30. ágúst:
Kl. 13:50 – Bein útsending frá leik í Landsbankadeild kvenna.
Kl. 15:55 – HM í frjálsum íþróttum í París

Sunnudagur 31. ágúst:
Kl. 14:30 – HM í frjálsum íþróttum í París.

Sýn:
Miðvikudagur 27. ágúst:
Kl. 18:45 – Enski boltinn: Manchester United – Wolves

Laugardagur 30. ágúst:
Kl. 11:15 – Enski boltinn: Everton – Liverpool.

Sunnudagur 31. ágúst:
Kl. 12:45 – Enski boltinn: Southampton – Manchester United

kirkja

Ísafjarðarkirkja:
Guðsþjónusta og altarisganga sunnudaginn 31. ágúst kl. 11:00.

chester United
Kl. 14:45 – Enski boltinn: Manchester City – Arsenal

Mánudagur 1. september:
Kl. 17:45 – Landsbankadeildin: Bein útsending frá 16. umferð.

Stöð 2:
Laugardagur 30. ágúst:
Kl. 13:45 – Enski boltinn: Chelsea – Blackburn

Canal+ Norge:
Laugardagur 30. ágúst:
Kl. 11:30 – Enski boltinn: Everton – Liverpool.

Kl. 14:00 – Enski boltinn: Chelsea – Blackburn

Sunnudagur 31. ágúst:
Kl. 13:00 – Enski boltinn: Southampton – Manchester United

Kl. 15:00 – Enski boltinn: Manchester City – Arsenal

Canal+ Zap:
Laugardagur 30. ágúst:
Kl. 14:00 – Enski boltinn: Newcastle – Birmingham

NRK2:
Föstudagur 29. ágúst:
Kl. 18:30 – Meistaradeild Evrópu: AC Milan – Porto



www.ruv.is

Föstudagur 29. ágúst

16.20 HM í frjálsum íþróttum. Bein útsending frá París. Undanúrslit í boðhlaupum, 800 metra hlaupi og 110 metra grindahlaupi karla. Úrslit í millivegalengdahlupum fatlaðra.

18.00 Börn vantar

18.20 Tígrí (6:6)

18.30 Linda lærir að synda (1:3)

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljósið

20.10 Flóttamaðurinn. (The Runaway) Bandarísk ævintýramynd frá 2000. Tveir strákarnir komast að leyndarmáli sem allt fullorðna fólkíð í bænum reynir að fela. Meðal leikenda eru Dean Cain, Pat Hingle, Debbi Morgan, Cliff De Young og Roxanne Hart.

21.50 Tvöföld tilvera. (Passion of Mind) Bandarísk bíómynd frá 2000. Ímyndun og veruleiki renna saman í eitt í þug konu sem lifir tvöföldu lífi í draumum sínum. *Adalhlutverk:* Demi Moore, Stellan Skarsgård, William Fichtner og Peter Riegert.

23.35 HM í frjálsum íþróttum

01.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 30. ágúst

09.00 Morgunundin okkar

09.02 Mummi bumba (35:65)

09.05 Tommi togvagn (9:26)

09.11 Bubbi byggir (2:39)

09.30 Albertina ballerína (31:39)

09.45 Stebbi strútur (8:13)

10.03 Babar (24:65)

10.18 Gulla grillari (46:53)

11.10 Kastljósið

11.30 Út og suður (4:5)

12.00 HM í frjálsum íþróttum

13.50 Íslandsmtöð í fótbolta. Bein útsending frá leik í næstðustu umferð Landsbankadeildar kvenna.

15.55 HM í frjálsum íþróttum.

18.00 Táknmálsfréttir

18.10 Einn og aftur (11:19)

18.54 Lottó

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.40 Laugardagskvöld með Gísla

20.35 Fjölskylda mín (13:13)

21.10 Berin eru sár. (Sour Grapes) Gamannátt frá 1998 um ævintýri tveggja frenda sem fara til Atlantic City að spila fjárhættuspil. *Meðal leikenda eru Jack Burns, Viola Harris, Scott Erik, Michael Resnick, Steven Weber og Craig Bierko.*

22.40 Næturvakinn. (Three A.M.) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2000 þar sem leigubílstjóri látur gammann geisa um hestlu hugarþreifni sín. *Adalhlutverk:* Danny Glover, Pam Grier og Michelle Rodriguez.

00.10 Nafnlaus. (Los sin nombres) Spænsk spennumynd frá 1999 byggð á skáldsögu eftir Ramsey Campbell. Kona leitast döttur sinnar sem er í höndum undarlegs höps. *Adalhlutverk:* Emma Vilarasoa, Karra Elejalde, Tristán Ulloa og Toni Sevilla. e.

01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 31. ágúst

09.00 Disneystundin (5:10)

09.32 Guffaggrin (49:53)

09.54 Morgunundin okkar

10.00 Kobbi (75:78)

10.07 Sprikla (2:5)

10.15 Ungur

11.05 Laugardagskvöld með Gísla

11.55 Út og suður (4:5)

12.20 Lífið um borð - Á síldveiðum

12.50 Með vængi í farteskinu

13.25 Norska flughjörgunarsveitin

13.55 Fiskurinn fer til Kína

14.30 HM í frjálsum íþróttum. Bein útsending frá París. Lokadagur mótsins. Úrslit í maraþonhlaupi og hástökki kvenna, spjótkesti og 800 metra hlaupi karla, boðhlaupum, 1500 metra hlaupi kvenna og 5 km hlaupi karla.

17.50 Táknmálsfréttir

18.00 Börn vantar

18.20 Tígrí (6:6)

18.30 Linda lærir að synda (1:3)

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljósið

20.00 Veira í paradís (2:2) (Virus au paradis) Kvikmynd í tveimur hlutum um lungnaveirufaraldur sem kemur upp í Frakklandi og berst sagan til Svíþjóðar og síðan til Íslands. *Meðal leikenda eru Richard Bohringer, Martin Forström, Fejria Deliba, Frédérique Tilmont, Daniel Marín, Margrét Ólafsdóttir, Ólafur Darri Ólafsson, Steindór Hjörleifsson, Jóhann Sigurðarson og Atli Rafn Sigurðsson.*

21.35 Helgarsportíð

22.00 Priðja heims löggan. (Third World Cop) Jamaísk spennumynd frá 1999 um hökurtól í flögregnum sem berst gegn skipulagðri glæpastarfsemi í Kingston. *Meðal leikenda eru: Paul Campbell, Mark Danvers, Carl Bradshaw og Audrey Reid.*

23.40 Kastljósið

00.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

www.stod2.is

Föstudagur 29. ágúst

06.58 Ísland í bitíð

09.00 Bold and the Beautiful

09.20 Í finu formi

09.35 Oprah Winfrey

10.20 Ísland í bitíð

12.00 Neighbours

12.25 Í finu formi

12.40 Spin City (11:22)

13.05 The Agency (18:22)

13.55 Jag (11:25)

14.40 Dawson's Creek (3:24)

15.35 Off Centre (16:21)

16.00 Barnatími Stöðvar 2

17.20 Neighbours

17.45 Dark Angel (11:21)

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður

19.30 Friends (3:24)

20.00 The Simpsons (6:22)

20.25 George Lopez (20:28)

20.50 Bernie Mac (10:22)

21.20 Punk á (Negldur) Sjáklaga myndin falin myndavél þar sem hjartakúsarinn og leikarinn Ashton Kutcher hekkir fina og fræga fólkíð í Hollywood.

21.45 Hidden Hills (10:18)

22.10 Trapped in Paradise. (Bakka-bæður í Paradís) Tveir illþokkaðir náungar sem hafna verioð losnað úr fangelsi plata lífúttalin bróður sinn til að koma með sér til smábæjarinn Paradísar í Pennsylvaníu að ræna banka. Það virðist ætla að verða leikur einn en gallinn er bara sá að íbúar bæjarinn eru svo ári vingarlegir að það sémir vart að ræna bankann þeirra og síst á jöllumum. *Adalhlutverk:* Nicholas Cage, Dana Carvey, Jon Lovitz.

00.00 Joan of Arc. (Jóhanna af Örk) Luc Besson leikstýrir einvalið í þessari stórmýnd um ævi og örlög Jóhannu af Örk. Hún var einungis þrettán ára þegar hún fékk sína fyrstu vitrun og fæcinum árum síðar fékk hún staðfestingu á því að örlög hennar væru fölgín í að bjarga

Ekki orð!

Stórleikarinn Michael Douglas heldur áhorfendum Stöðvar 2 í spennitreyju í tryllinum Don't Say a Word sem sýndur er kl. 20:55 á laugardagskvöld. Hér er um að ræða spennumynd um virtan geðlækni sem verður að beita allri sinni þekkingu til að bjarga dóttur sinni úr klóm mannræningja. Nathan Conrad er með unga konu, Elizabeth Burrows, í meðferð. Hún er talin búa yfir leyndarmáli sem tengist miklum þjófnaði og Nathan er skipað að komast yfir upp lýsingar sem tengjast málinu. Sá sem það gerir er með dóttur hans í haldi og hótar öllu illu.

Sunnudagur 31. ágúst

08.00 Barnatími Stöðvar 2

11.30 Mótorsport 2003

12.00 Neighbours

13.50 60 mínútur

14.35 The Osbournes (8:10)

14.55 Parenthood

16.55 Strong Medicine (14:22)

17.40 Oprah Winfrey

18.00 Fréttir Stöðvar 2

19.00 Friends (5:24)

19.30 The Job (9:19)

19.55 Servants (4:6)

20.50 Taken (7:10)

22.20 60 mínútur

23.05 Holy Man. (Á Guðs vegum) Undarlegur náungi sem virðist ganga á guðs vegum malar gull fyrir sjónvarpsframleiðendur. Hann selur vörur í sjónvarpsmarkaðnum og þrátt fyrir að hann prediki að fólk ætti frekar að snúa sér að andlegri málefnum í stað þess að kaupa merkingarlaus trú þá rokselst allt sem hann kynnir. *Adalhlutverk:* Eddie Murphy, Jeff Goldblum, Kelly Preston, Robert Loggia.

00.55 Bicentennial Man. (Framtíðarmáðurinn) Þessi skemmtilega fjölskyldumynd fjallar um vélmanninn Andrew sem ráðinn er til Martin-fjölskyldunnar sem heimilishjálpari. Í fyrstu virðist hann vera eins og hvert annað heimilishjálpari en brátt verður fjölskyldan þess vör að vélmannið þróast og fer smám saman tilfinningar og aðra mannlega eiginleika. Andrew er þó ekki ánægður því hann eldist ekki eins og mannfólkíð og það tekur hann stór að missa ástíðni. *Adalhlutverk:* Robin Williams, Sam Neill, Imbeth Davidz.

03.00 Friends (5:24)

03.25 Tónlistarmyndbönd



www.syn.is

Föstudagur 29. ágúst

18.00 Olísport

18.30 Trans World Sport

19.00 Gillette-sportspakinn

20.00 Alltátt í boltanum

20.30 Football Week UK

21.00 Inside Schwartz (8:13)

21.30 The Astronaut's Wife. (Eigin-kona geimfarans) Jillian Armacost tekur eftir breytingu í háttum eiginmanns síns eftir geimferð hans til Mars þar sem hann missti samband við umheiminn í nokkrar mínútur. Hvað gerðist þessar mikilvægu mínútur og hver er eiginmaður hennar í raun og veru? *Adalhlutverk:* Charlize Theron, Johnny Depp.

23.15 Prince of Pennsylvania. (Prinsinn af Pennsylvaníu) Dramatísk en á köflum bráðfyndin mynd um tákninginn Rupert sem er á margan hátt sérhúðaður og hefur horn í síðu hinna fullorðna, ekki síst föður síns. Þegar upp kemst um franhjálgald móður Ruperts gengur karl faðir hans af gölfnum og Rupert gripur til sinna ráða. *Adalhlutverk:* Fred Ward, Keanu Reeves, Bonnie Bedelia, Amy Madigan.

00.50 Pecker. Grínmynd um ungann man í Baltimore sem slær í gegn með óvenjulegum hætti. Pecker, sem starfar á skýndlyð-bílastaði í borginni, á skrýtna fjölskyldu en hún verður til þess að hann kemst á stall með fræga fólkinu. Ljósmyndir Peckers af fjölskyldunni vekja mikla hrifningu í listahéimnum og líf hans umblyst nánast á einni nóttu. *Adalhlutverk:* Edward Furlong, Christina Ricci, Bess Armstrong.

02.15 Dagskrárlok og skjáleikur

Laugardagur 30. ágúst

11.15 Enski boltinn. Bein útsending frá leik Everton og Liverpool.

13.30 Alltátt í boltanum

14.00 Singmanassuk - Jesus Chavez

16.00 Trans World Sport

17.00 Toppleikur

18.50 Lottó

19.00 Nash Bridges IV (21:24)

20.00 LAD TV

21.00 Little City. (Ringuldröi) Rómantísk gamannmynd. Adam á erfírfleikum í samþiknum sínum við hitt kynið og skellir skuldinni alfarið á Kate, fyrrverandi kerustu sína, sem yfirgef hann fyrir áður konu. *Adalhlutverk:* Josh Charles, Penelope Ann Miller, Jon Bon Jovi, Joanna Going.

22.30 Markus Beyer - Danny Green. Útsending frá hnefaleikakeppni í Þýskalandi.

00.35 Rapunzel. Erótísk kvikmynd.

01.55 Dagskrárlok og skjáleikur

Sunnudagur 31. ágúst

11.30 Boltinn með Guðna Bergs. Enski boltinn frá ýmsum hlöfum. Sýnd vera öll mörkín úr leikjum úrvalsdeildarinnar frá deginum áður. Umdeild atvik eru skoðuð og hugað að leikspiklagi lið-

skemmtun.com

Hvað er að ske? Á helginni

29. ágúst. - 1. sept.

KRÚSIN

Hljómsveitin

GABRIEL

á laugardagskvöld

Gabriel

Sjallinn

Café • Restaurant • Bar

Pöbb + Diskó

Föstudags- og laugardagskvöld

Frábær tilboð á EGILS

Sunnudag kl 8

Mánudag kl 8

anna. Spáð verður í sunnudagsleikina, góðir gestir koma í heimsókn og leikmenn úrvalsdeildarinnar teknir tali, svo fátt eitt sé nefnt.

12:45 Enski boltinn. Bein útsending frá leik *Southampton* og *Manchester United*.

14:45 Enski boltinn. Bein útsending frá leik *Manchester City* og *Arsenal*.

17:05 Saga HM

19:00 Toyota-mótaröðin í golfi

20:00 A Sinfu Life. (*Syndugt líferni*) Gráglettin gamanmynd, Claire Vin Blance er fyrrverandi dansari sem á í útistöð- um við félagsmálayfirvöld. Þau telja Claire óhæfa um að gegna móðurhlutverkinu og vilja koma dóttur hennar í föstur. Claire gefist ekki auðveldlega upp og starfsmenn félagsmálastofnunar eiga erfiða daga í vandum. *Aðalhlutverk: Anita Morris, Dennis Christopher, Rick Overton.*

21:30 Boltinn með Guðna Bergs

22:45 The Windsor Protocol. (*Windsor skjólin*) Hörkutryllir byggður á skáldsögu eftir Jack Higgins. Líklegasti eftirmaður varaforseta Bandaríkjanna reynist ekki allur þar sem hann er séður þvi svo virðist sem hann sé strengjabrúða hrottafenginna nýnasista sem vilja ná yfirráðum í Hvíta húsinu. *Aðalhlutverk: Kyle MacLachlan, Macha Grenon, Chris Wiggins.*

00:20 Enski boltinn. Útsending frá leik Southampton og Manchester United.

02:25 Dagskrárlök og skjáleikur

besta til að gera börnin sín þrjú að heið- virðum borgurum með aðstoð misjafn- lega óhæfra ættingja sinna...

23:25 Titus (e)

23:50 Leap Years (e)

00:30 Law & order: Criminal Intent

01:15 Law & Order SVU (e) Banda- riskir sakamálaþættir með New York sem sögusvið. Þættirnir eru tvískiptir; í fyrri hlutanum er fylgst með lögreglu- mönnum við rannsókn mála og er þar hinn gamalreynði Lennie Briscoe frem- stur í flokki en seinni hlutinn er lagður undir réttarhöld þar sem hinir meintu sakamenn eru sóttir til saka af einvalaliði saksóknara en oft gengur jafn brösug- lega að koma hinum grunuðu í fangelsi og að handsama þá.

Laugardagur 30. ágúst

15:00 Jay Leno (e)

15:45 Jay Leno (e)

16:30 Dateline (e)

17:30 The Wildest Police Videos (e) Í The World's Wildest Police Videos eru sýndar myndbandsupptökur sem lögreglusveitir víða um heim hafa sankað að sér. Upptökurnar eru engu líkar, enda veruleikinn oftast mun ótrú- legri en skáldskapurinn.

18:30 48 Hours (e)

19:20 Guinness World Records. Heimsmetabáttur Guinness er eins og nafnið bendir til byggður á heimsmeta- bók Guinness og kennir þar margra grasa. Þátturinn er spennandi, forvitni- legur og stundum ákaflega undarlegur. Ótrúleg afrek fólks af ólíku sauðhúsi eða einfaldlega sauðheimskt fólki.

21:00 Law & order: Criminal Intent

21:40 Baby Bob (e)

22:00 Law & Order SVU (e)

22:50 Traders (e) Í kanadísku fram- haldsþáttaröðinni um Traders er fylgst með starfsfólki fjármálafyrirtækis, sem á köflum teflir heldur djarft í viðskiptum sínum. Þeim er ekkert heilagt, og þeim er sama hvað um þig verður, en þeim er afar annt um peningana þína...

23:40 The Drew Carey Show (e)

00:10 NATTHRAFNAR

00:11 Grounded for Life (e) Finnerty fjölskyldan er langt frá því að vera venjuleg en hjónin Sean og Claudia gera sitt besta til að gera börnin sín þrjú að heiðvirðum borgurum með aðstoð misjafnlega óhæfra ættingja sinna...

00:35 Titus (e)

01:00 Leap Years (e)

01:40 Law & order: Criminal Intent

www.s1.is

Föstudagur 29. ágúst

18:30 Hjartsláttur á ferð og flugi (e)

19:30 Charmed

21:00 According to Jim

21:30 The Drew Carey Show

22:00 Hljómsveit Islands (e)

22:30 The King of Queens (e) Doug Heffermann sendibílstjóra sem þykir fátt betra en að borða og horfa á sjónvarpið með elskunni sinni verður fyrir því óláni að fá tengdaföður sinn á heimilið en sá gamli er uppátækjasamur með afbrigðum og verður Doug að takast á við afleiðingar uppátækjanna.

23:00 NATTHRAFNAR

23:01 Grounded for Life (e) Finnerty fjölskyldan er langt frá því að vera venju- leg en hjónin Sean og Claudia gera sitt



SÆLKERI VIKUNNAR

ER VALDÍS BÁRA
KRISTJÁNSDÓTTIR Á ÞINGEYRI

Kjúklingur a´la Matta

Ég sendi inn uppskrift af kjúklingarétti sem er í miklu uppáhaldi á mínu heimili. Hann er allt í senn, mjög einfaldur, þægilegur, ódýr og bragðgóður. Með honum finnst mér gott að bera soðin hrísgrjón og hvítlauksbrauð. Að gamni læt ég fylgja með uppskrift af örbylgjuköku sem hentar sérstaklega vel þegar óvænta gesti ber að garði.

- 1 stk kjúklingur hlutaður niður eftir geðþótta hvers og eins
- 2 bollar tómatsósa (ég nota alltaf Libbies)
- 1 bolli sætt gult sinnep
- 1 msk karry
- 1 peli rjómi

Kjúklingnum er raðað í eldfast mót. Tómat sósu, sinnepi og karryi er hrært saman og hellt yfir kjúklinginn. Gruflið órlítið í kjúklingnum til að blandan komist að honum öllum. Setjið í 180°C heitan ofn og látið vera þar í klukkustund eða svo (má alveg vera lengur ef þú ert upptekinn við annað). Að lokum er annað hvort að hella rjóma út í formið og elda réttinn aðeins lengur í ofninum eða hella soðinu úr forminu í pott, láta rjóma út í og hita yfir hellu þar til sósan þykknar.

Örbylgjukaka

- 1 bolli hveiti
- 1 bolli sykur
- ½ tsf lyftiduft

Sunnudagur 31. ágúst

15:00 Jay Leno (e)Jay Leno er ókrýndur konungur spjalþáttanna. Leno leikur á alls oddi í tulkun sinni á heimsmálunum og engum er hlíft. Hann tekur á móti göðum gestum í sjónvarpsal og býður upp á góða tónlist í hæsta gæðaflokki. Þættirnir koma glóðvolgir frá NBC - sjón- varpsstöðinni í Bandaríkjunum.

15:45 Jay Leno (e)

16:30 Brúðkaupsþátturinn Já (e) Elín María Björnsdóttir hefur umsjón með hinum sívinsæla Brúðkaupsþætti, sem er á dagskrá SKJASEINS á þriðjudagskvöld- um, þriðja sumarið í röð.

17:30 Boston Public (e)

18:15 Law & Order (e) Bandarískir sakamálaþættir með New York sem sögusvið. Þættirnir eru tvískiptir; í fyrri hlutanum er fylgst með lögreglumönnum við rannsókn mála og er þar hinn gamal- reynði Lennie Briscoe fremstur í flokki en seinni hlutinn er lagður undir réttar- höld þar sem hinir meintu sakamenn eru sóttir til saka af einvalaliði saksóknara en oft gengur jafn brösuglega að koma hinum grunuðu í fangelsi og að handsama þá.

19:00 Yes, Dear (e)

19:25 Bob Patterson (e)

19:50 According to Jim (e)

20:15 The Drew Carey Show (e) Magnaðir gamanþættir um Drew Carey sem býr í Cleveland, vinnur í búið og á



- 1 egg
- ½ dós blandaðir ávextir (allt innihaldið notað)
- 1 dl púðursykur
- Kókosmjöl

Hrærið hveiti, sykri, lyftidufti, eggj og blönduðum ávöxt- um saman og hellið í mót sem má fara í örbylgjuofn. Bland- ið saman púðursykri og slatta af kókosmjöli og sáldrið yfir. Stillið örbylgjuofninn á hæsta styrk og bakið þar í 8 mínútur. Síðan er kakan látin standa í 3 til 5 mínútur. Gott er að hafa þeyttan rjóma eða vanilluís með.

Ég skora á Kristínu Oddsdóttur og Kristján Andra Guð- jónsson á Ísafirði að koma með næstu uppskrift. Þau luma örugglega á einhverju spennandi.

smáar

Til leigu eða sölu er 5. herb. íbúð að Engjavegi 15, neðri hæð. Íbúðin er tóm. Upplýsing- ar í sínum 456 5022 og 691 0404.

Tilboð óskast í 17" Provieu tölvuskjá. Uppl. ís. 849 8712.

Til leigu er 2ja herb. 65m² íbúð að Aðalstræti 24 á Ísafirði. Uppl. í síma 693 0203.

Til sölu er gæfur páfagaukur og búr ásamt fylgihlutum. Verð kr. 6.000. Uppl. í síma 899 4926.

Er byrjaður að skrifa 6. bindið af 101 og þeir sem hafa undir höndum vestfirskar skemmti- sögur, með nöfnum og enda- hnykk, og hafa áhuga á að þær verði í Nýjum vestfirskum þjóð- sögum, eru beðnir að hafa sam- band í síma 456 3948 eða á natfangið: stapi@sinnet. is.

Óska eftir 2ja-3ja herb. íbúð til leigu. A sama stað er til sölu blár Plymouth Laser árg. 91. Fæst ódýrt þar sem hann þarfn- ast lagfæringa. Uppl. gefur Unnar í síma 846 3241.

Microsoft kerfisfræðingur óskar eftir vinnu. Upplýsingar í síma 697 9220.

Til sölu er efri hæð í tvíbýlishúsi að Hlíðarvegi 15 á Ísafirði. Uppl. í sínum 456 3501 og 456 3482.

Svört gleraugu fundast á Hlíðar- vegi nýlega. Eigandi getur vitjað þeirra í Sundhöllinni.

Til sölu eru fjögur dekk á felg- um, 175X70 R14. Upplýsing- ar í síma 865 0150.

Til sölu er hvít Siemens eldavél, hvít, 60 cm, hringlött glerborð, 100 cm í þvermál og Silver Reed rafmagnsrítvél. Upplýs- ingar í síma 456 3683.

Til sölu er Renault station, 4x4, árg. 91, verð kr. 120 þús. Uppl. í síma 864 1341.

Vantar litla frystikistu ca. 200 ltr. Uppl. í síma 898 6554.



Nágranna- slagur í Liverpool

Erkifjendurnir Everton og Liverpool mætast á Goodison Park í Liverpool kl. 11:15 á laugardag. Í augum borgar- búa er þetta stærsti leikur ársins en stuðningsmönnum liðanna þykir fátt verra en að verða undir í nágrannaslag. Félögunum er spáð ágætu gengi en margt þykir benda til að Liverpool blandi sér loksins alvarlega í topp- slaginn. Koma Harry Kewell þykir lofa góðu og stuð- ingsmenn Rauða hersins eru fullir hjartsýni. Leikmenn Everton stóðu sig vonum framar á síðasta keppnis- tímabili en það verður erftitt fyrir þá að fylgja eftir góðu gengi. Leikurinn er sýndur á Sýn. Á sunnudag kl. 12:45 hefst síðan stórleikur Southampton og Manchester United og kl. 14:45 hefst síðan leikur Manchester City og Arsenal á Main Road í Manchester.



Halldór Sigurðsson ÍS kom með átta metra hrefnutarf til Ísafjarðar

Hvalkjötið bragðaðist afbragðsvel

Halldór Sigurðsson ÍS 14 kom til hafnar á Ísafirði á fimmtudag í síðustu viku með fyrstu hrefnuna sem hann veiddi í vísindaveiðum Haf-rannsóknastofnunar. Áður hafði annar bátur veitt eitt dýr. Hrefnuna fékk Halldór Sigurðsson daginn áður úti fyrir Norðurlandi. Reyndist dýrið vera um átta metra tarfur og var gert að honum úti á sjó.

Skipstjóri í veiðiferðinni var Konráð Eggertsson en leið-

angurstjóri var Sverrir Daníel Halldórsson hvalasérfræðingur á Hafrannsóknastofnun. Að sögn Sverris virtist hvalurinn magur.

Leiðangursmenn buðu ljósmyndara bb.is að smakka hrefnukjötíð við komuna til Ísafjarðar. Var það sneitt niður hrátt og þótti bragðast afbragðsvel. Um tvö tonn af kjöti fengust af tarfinum.

Að sögn Gísla Víkingssonar, verkefnastjóra vísindaveið-

anna, er meginmarkmið þeirra að afla grunnvitneskju um fæðuvistfræði hrefnu hér við land. Í þeim tilgangi eru meðal annars tekin sýni úr meltingarkefni dýranna. Auk þess eru tekin blóðsýni og vefjasýni til að kanna meðal annars sjúkdóma og magn lífrænna og ólífrænna mengunarefna í líffærum hvalanna. „Ég held ég geti fullt að þetta er ítarlegasta rannsókn á hrefnu og hvöllum almennt sem nokkru

sinni hefur verið gerð“, segir Gísl.

Hrefnurnar eru hlutaðar sundur um borð í veiðiskipunum og sýnin tekin þar. Þeim er haldið til haga og verða þau rannsökuð frekar í vetur en niðurstöður rannsóknanna liggja í fyrsta lagi fyrir í vor. Kjötíð fer hins vegar á markað en samkvæmt reglum Alþjóða hvalveiðiráðsins skal í verkefnum sem þessum nýta afurðir veiddra dýra til fullnustu.



Gunnlaugur Konráðsson, einn skipverjanna á Halldóri Sigurðssyni, sker niður hrátt hrefnukjöt við komuna til Ísafjarðar.



Jón Páll Halldórsson tók fyrstu skóflustunguna að væntanlegri nýbyggingu í Neðstakaupstað.

Nýbygging Byggðasafns Vestfjarða í Neðstakaupstað

Fyrsta skóflustungan tekin

Jón Páll Halldórsson, formaður Sögufélags Ísfirðinga, tók í síðustu viku, fyrstu skóflustunguna að nýju sýningar- og geymsluhúsi Byggðasafns Vestfjarða í Neðstakaupstað á Ísafirði. Fyrir stuttu samdi bygginganefnd safnsins við verktakafyrirtækið Múrkraft ehf. á Ísafirði um fyrsta áfanga byggingarinnar. Þar er um að ræða jarðvegs-

vinnu og gerð sökkuls og plötu.

„Framkvæmdir hefjast núna og þeim lýkur í október. Ekkert hefur verið ákveðið um annan áfanga framkvæmdanna. Við vonumst til að byrjað verði á honum næsta sumar en nefndin á eftir einhverja vinnu varðandi fjármögnun“, segir Heimir G. Hansson, safnvörður á Byggðasafni

Vestfjarða.

Við athöfnina í Neðstakaupstað voru starfsmenn Byggðasafns Vestfjarða, forsvarsmenn Sögufélags Ísfirðinga, byggingarnefnd Byggðasafns Vestfjarða, fulltrúar verktaka, bæjarstjóri og bæjarfulltrúar í Ísafjarðarbæ, hreppsnefndarfolk úr Súðavíkurreppi, Einar Kristinn Guðfinnsson alþingismaður, starfsmenn tækni-

deildar Ísafjarðarbæjar og fjölmíðlafolk.

Í byggingarnefnd Byggðasafns Vestfjarða eiga sæti Björgmundur Örn Guðmundsson, Guðfinna M. Hreiðarsdóttir og Sigmundur F. Þórðarson, öll í Ísafjarðarbæ, og Ómar Már Jónsson, sem í síðustu viku bættist í hópinn fyrir hönd Súðavíkurhrepps.

– halfdan@bb.is



Brautarholt á Ísafirði þótti fegursta gata Ísafjarðarbæjar á síðasta ári.

Umhverfisverðlaun í Ísafjarðarbæ

Hætt að velja fegurstu garðana?

Hjá umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar er verið að endurskoða fyrirkomulag umhverfisverðlauna í sveitarfélaginu. Hingað til hafa verið veittar viðurkenningar fyrir fegurstu garða og á seinni árum fyrir fegurstu götu bæjarins. Kristján Kristjánsson, formaður umhverfisnefndar, segir að ætlunin sé að kynna niðurstöðu nefndarinnar í lok mánaðarinnar.

„Það má kannski segja að menn vilji líta aðeins öðrum augum á hlutina því það er mjög margt annað sem skiptir máli í umhverfinu en bara garðarnir. Fyrir utan að það er geysimikil vinna að skoða þá þannig að vel sé.“

Kristján segir áhuga innan

nefndarinnar á að veita viðurkenningar fyrir heildarsamspil umhverfisins.

„Dæmi um slíkt gæti verið Safnahúsið á Eyrartúni og þau umskipti sem hafa orðið þar. Eins má nefna að víða hafa verið endurbýggð gömul hús sem virkileg bæjarpríði er að. Oft er erfitt að koma við garði í þeim tilvikum og húsin eiga því enga möguleika á að komast á blað ef eingöngu er tekið mið af görðum. Það er þetta stærri samhengi sem menn vilja horfa á. Við munu taka þetta fyrir á næsta fundi og í framhaldi af því gera tillögu til bæjarstjórnar“, sagði Kristján.

– kristinn@bb.is